

ÁRBÓK

HINS ÍSLENZKA FORNLEIFAFÉLAGS

1907

REYKJAVÍK
ÍSAFOLDARPRENTSMÍÐJA
1907

ÁRBOK

HINS ÍSLENZKA FORNLEIFAFÉLAGS

1907

REYKJAVÍK
ÍSAFOLDARPRENTSMÍÐJA

1907

Rannsókn

i Vestmannaeyjum sumarið 1906.

Eftir

Brynjúlf Jónsson.

Þá er Fornleifafélagið hafði starfað í 25 ár, þá hafði það látið gjöra meiri og minni fornleifarannsóknir í öllum sýslum landsins nema einni. Það var Vestmannaeyjasýsla. Þar var minni von fornleifa en annarstaðar, og því var eðlilegt, að hinar sýslurnar gengi á undan. En þótt rannsóknirnar geti enn víða staðið til bóta, þá þótti nú eigi lengur hlýða, að setja Vestmannaeyjar alveg hjá. Var því afráðið, að ég færi þangað í sumar (1906), og skal nú segja árangur ferðarinnar. Vil ég taka það fram, að í því efni á ég mjög mikið að þakka aðstoð og leiðbeiningum Sigurðar hreppstjóra Sigurfinnssonar, sem bæði er fróður og skarpskygn um þetta sem annað.

I. Landslag, örnefni o. fl.

Vestmannaeyjar eru í sjálfu sér eintómir hnúkar, tindar og drangar, sem standa upp úr fjallhæð á sjávarbotni. Aðeins ein þeirra er byggð, og er hún kölluð *Heimaey*. Hún hefir allmikið láglandi. Í fyrstunni hefir hún þó ekki verið annað en fjórir sundurlausir hnúkar. Myndar einn þeirra nú suðurenda hennar og heitir *Stórhöfði*. Annar er sem dálítill fjallhryggur norður frá honum og þar á tveir smá-hnúkar *Litlihöfði* sunnantil og *Sæfjall* norðantil. Hinir tveir aðalhnúkarnir mynda dálitinn fjallgarð er liggur þvert fyrir norðurenda eyjarinnar frá suðlægu vestri í norðlægt austur. Hann skiftist í tvennt um *Eiðið*. Vesturfjallið er hálfhringmyndaður hryggur og snýr hvyllftin mót suðri en bakið mót norðri. Hvyllftin er *Herjólfsdalur*. Vesturarmur fjallsins er kendur við hann og kallaður *Dalfjall*. Upp úr því stendur *Blátindur*. Suðausturarmurinn, fyrir

austan hvyllftina, heitir *Há* [»Háin« (kvk.)]. Austur úr baki fjallbogans gengur annar armur, sem myndar beint framhald Dalfjalls til norðausturs. Á honum eru tveir hnúkar: *Litla Klif* vestar og *Stóra Klif* austar. Þá kemur *Eiðið*. Þar hefir verið sund niður úr gegn í fyrstu. En sjórinn hefir hlaðið þar upp stórgrýtis-kamb og á þann hátt myndað *eið* eða granda, sem tengir vesturfjallið við austurfjallið. Austurfjallið skiftist í tvo hnúka: *Heimaklett* og *Yztaklett* og er skarð milli þeirra. Myndar Yztiklettur austurenda fjallgarðsins.

Láglendi Heimaeyjar er víst miklu yngra en hnúkarnir. Það er svo til orðið, að jarðeldur hefir komið upp hér um bil mitt á milli Yztakletts og Stórhöfða, og hefir þar ollið upp svo mikið hraunflóð, að það hefir fyllt alt bilið milli hnúkanna með hrauni. Gýgurinn myndar fjallshnúk, er heitir *Helgafell*, og er það skamt fyrir norðan Sæfjall. Við Helgafell er hraunflóðið bungumyndað og allhátt, en hallar þaðan til allra hliða. Til austurs hefir það skemst farið og er hallinn þar allbrattur. Þar sunnantil eru hraunbalar, sem Haugar heita. Til suðurs nær það næstum til Stórhöfða, og hefir sjórinn myndað allmikið sambands-eið þar á milli. Til norðvesturs nær hraunflóðið alt að Hánni og hefir runnið lítið eitt inn í hvyllftina (Herjólfsdal) og vestur að vesturhorni Dalfjalls. Þar verður gjáarlöguð skora milli hraunsins og fjallshamranna. Hún heitir nú á dögum *Kaplagjóta*. Norður frá Helgafelli myndar hraunið allmikla breiðu. Þó hefur það ekki náð að Heimakletti eða Yztakletti. Þar er bil á milli. Gengur sjór inn á milli og myndar eins og lít inn fjörð, sem er opinn mót austri og liggur inn með Eiðinu sunnanmegin og næstum inn að Klifi og Há. Þar í milli er að eins mjótt undirlendi, og er það malarsandur. Botn þessa litla fjarðar myndar sérstakan poll. Það er *höfnin*. Fyrir framan hana gengur hraunklettur mikill út í fjörðinn sunnanmegin. Hann heitir *Nausthamar*. En að norðanverðu gengur fram grjóteyri litlu utar. Hún heitir Hörgaeyri. Hún er áföst Heimakletti þannig að örgrunt sund er á milli. Flest flóð ganga nú yfir hana. Áður, þá er þar voru hörgar, hefir hún verið hærri. Þá hefir líka verið dálítill undirlendis-jaðar frá henni inn með höfninni norðanmegin. Hefir þar þá verið mjög fagurt. Nú er ekki eftir af því annað en tvö sandvik, sitt hvoru megin við suðvesturnef Heimakletts. Gengur sjór nú fast upp að því nefi. Sandvik þessi eru nú kölluð: *Stóra-Langa* (fyrir austan nefið) og *Litla-Langa* (fyrir vestan það). Þetta örnefni: »Langa«, er auðsjáanlega lýsingarorð, er skeytt hefir verið framan við hið upphaflega örnefni, sem nú er týnt. Það hefir að líkindum annaðhvort verið *Grund* (Langa-Grund) eða *Fit* (Langa-Fit), eða eitt-

hvað þvilíkt. En svo hefir það skift í Stóra- og Litla- þá er sjórinn hafði brotið undirlendið fast upp að klettsnefinu og þannig skift undirlendis-ræmunni í tvennt. En þá er hún var *öll* afbrotin, svo ekki var eftir nema sandurinn í vikunum báðum, þá hefir það upphaflega örnefni (? Grund, ? Fit) týnzt líka, og ekki orðið annað eftir en forskeytið: »Langa«.

Á þessu fagra undirlendi, við Eiðið, er sagt að þrælur Hjörleifs hafi sezt að, og þar hafi Ingólfur komið að þeim, elt þá þaðan í ýmsar áttir og drepíð þá. Dufþakr á t. a. m. að hafa flúið í brekku þá, norðan í Heimakletti, sem *Dufþekja* heitir og á að hafa nafn af honum. Um önnur örnefni verður ekki sagt, að þau minni á þræla-ana, nema ef vera skyldi *Faxi*, snös norðan á Yztakletti, og *Faxasund* þar neðan undir. Það er ekki skiljanlegt, að þau örnefni séu kend við föxóttan *hest*. Og þar eð kunnugt er um Faxaflóa, að hann er kendur við *mann* er Faxi hét, og var úr Suðureyjum, þá liggur nærri að ætla, að líkt standi á með þessi örnefni, að þau séu kend við vestrænt mannsnafn. Munnmæli telja líka Álfsey og Bjarnarey vera kendar við tvo af þrælunum, er hafi heitið Álfr og Björn. En þar eð það eru norræn nöfn, geta þær eyjar eins vel verið kendar við aðra menn síðar. Raunar gáfu menn sumum vestrænum þrælum norræn nöfn, og er ekki hægt að fullyrða neitt um þetta.

II. Herjólfsdalur.

Svo segir Landnáma, V. 5.: »Ormr ánaudgi son Bárðar Bäreks-sonar, bróðir Hallgríms sviðbálka nam Vestmanneyjar«. Önnur handrit hafa: »Herjólfur, son Bárðar Bäreks-sonar, bróðir Hallgríms sviðbálka [sniðbaka] bygði fyrst Vestmannaeyjar ok bjó í Herjólfsdal fur innan Ægisdyr. Þar er nú hraun brunnit. Hans son var Ormr auðgi, er bjó á Ormsstöðum við Hamar niðri, þar er nú blásit alt«.

Þessir staðir í Landn. bera það með sér, að hvorugur þeirra er ritaður af kunnugleik. Fyrtaldi staðurinn er tekinn eftir eldra handriti, og veit ritarinn þá ekkert um bústað landnámsmannsins og sleppir alveg að geta hans. Sá er síðartalda staðinn reit, hefur aflað sér betri upplýsinga. Hann veit það, að landnámsmaðurinn hét Herjólfur og hveirrar ættar hann var, að hann var faðir Orms hins auðga og að hann bjó í Herjólfsdal. Það örnefni er enn til á Vestmannaeyjum, sem þegar er getið, og er þar mjög fagurt og byggi-

legt, þar er líka hin eina vatnslind sem til er á eygni. Er hlaðinn að henni stokkur af grjóti og reft yfir með stórum hellusteinum. Vatnið safnast svo í dæld þar í dalnum og myndar litla tjörn. Kemur lindin í hana frá austri; en eigi sjást neinar líkur til, að bærinn hafi verið þeim megin í dalnum. Þar hefir landslag þó ekkert breyzt svo séð verði og mundi rúst bæjarins sjást, ef hann hefði verið þar. Þeim megin er fjallið ekki heldur kent við dalinn. En vestan megin heitir það *Dalfjall*. Og þar, niður undan Blátindi segja æfagömul munnmæli að bærinn hafi staðið, og að hann hafi orðið undir skriðu þeirri hinni miklu, sem þar hefir hlaupið ofan. Enda hefir hún næga viðáttu og ærna þykkt til þess, að svo geti verið. Sunnan við skriðuna gengur dálítill klett-ás fram úr brekkunni, hann heitir *Fjósaklettur*, og er það eina örnefnið, sem minnir á bæinn. Engar rústir sjást þó við Fjósaklett. En það er ekki að marka. Skriðan liggur fast að honum norðan megin. En sunnan megin hans hefir fjósið ekki verið, það var offjarri vatnsbólínu. Þar sem Landn. segir: »þar er nú hraun brunnit«, þá er *annaðhvort* átt við skriðuna miklu og heimildarmaður söguritarans þá ætlað að hún hafi orsakast af jarðeldi, *eða* hann hefur ímyndað sér, að hraunið frá Helgafells-gígnum hafi komið eftir landnámstíð. Með öðru móti er ekki hægt að hugsa sér, hvornig á þeim orðum stendur. Þó er þetta hvorugt rétt. Skriðan er eins tilkomin og aðrar skriður, af áhrifum rakans og frostsins, sem eigi þarf að lýsa. Og hraunið hefir, sem fyr segir, myndað alt láglendi eyjarinnar og runnið svo löngu fyrir landnámstíð, að þá hefur það verið uppgróið. Og það er að eins jadar þess, sem nær dálítið inn í dalinn. Þar fyrir innan er að austanverðu uppgróin skriða eða hlaup úr Hánni, sem að minsta kosti er ekki yngra en hraunið. Í því hlaupi sprettur lindin upp, hve ofarlega það er, sést ekki, því jarðvegurinn hylur stokkinn, sem um hana er gjörður, svo að eigi sér fyrir honum nema aðeins fremst, en mun vera talsvert lengri. Fyrir innan hraunið að vestanverðu hefir jarðvegur myndast af mold og sandi, sem leysingarvatn hefir smátt og smátt borið ofan úr fjallinu. Virðist sú myndun hafa náð út að Fjósakletti og þá verið undirlagið, sem bærinn stóð á. Skriðan hefir að neðanverðu myndað allmikla bingu, sem vist er alt að 100 faðm. í þvermál og 5—6 ál. á hæð, ef ekki meira. Er norður jadar hennar nú grasi gróinn, og að suunanverðu ganga grasgeirar upp í hana hér og hvar. Fyrir innan grasjadarinn norðanmegin er lægð í skriðunni á einum stað. Sér þar vatn í urðarholum og eru þær kallaðar *Silfurbrunnar*.

Miklar tilraunir hafa á ýmsum tímum verið gjörðar til þess að

ryðja skriðuna og leita upp bæjarrústina. Sú tilraun mun vera elzt að grafið hefir verið gegnum grasjaðarinn í norðurbrún skriðunnar og hann grafinn sundur inn í lægðina, þar sem Silfurbrunnar eru. Þar er djúp skora eftir, og er hún nú öll grasi vaxin. Mun hún vera allgömul. Milli Silfurbrunna og fjallbrekkunnar er gryfja, mikil og djúp, er vera mun næst-elzta tilraunin. Ofan í skriðubunguna, þar sem hún er hæst, hefir Bryde kaupmaður látið grafa tvær gryfjur, og er einkum önnur þeirra afar mikil. Austan í brún skriðunnar sér enn fyrir graftar tilraun, er eigi virðist allgömul. En nýjasta tilraunin er í suðurhlið skriðunnar. Hana gjörði Hjalti Jónsson skipstjóri. Er auðséd að hann hefur ekki ætlað að hætta »fyr en í fulla hnefanna«, sem menn segja. En þó hefir hann uppgefist að lokum, án þess að komast niður úr skriðunni, Eiga allar tilraunirnar sammerkt í því, að engin nær niður í jarðveginn, sem undir skriðunni er. Menn hafa gefist upp áður, sem til vorkunnar má virða, og því eigi vitað gjör eftir en áður, hvort þeir höfðu grafið á réttum stað eða ekki. Heyrt höfðu menn þó, að annaðhvort Bryde eða Hjalti hefðu fundið brot af einhverjum hlut úr eir í sinni gryfju; en um það vissu menn nú ekkert frekara. — Það virtist mér auðsætt, að gagngerð tilraun til að grafa skriðuna út mundi hljóta að kosta stórfé, og þó litil von um árangur. Því að nærri má geta, að þá er slikur voða þungi skall á bæinn með flugferð og heljarafli, þá hefir alt hlotið að umveltast og færast úr stað og meira að segja, um leið og mannaverkin bældust undir skriðuna hafa þau að mestu eða öllu leyti hætt að vera til í þekkjanlegu ásigkomulagi.

Tal átti ég við menn, sem töldu það ólíklegt, að nokkurntíma hefði bær verið í Herjólfsdal, þar eð eigi sæist svo mikið sem leifar af túngarði. Hann hefði þó ekki allur orðið undir skriðunni. En ég get eigi séð gilda ástæðu til að rengja þessa sögn. Landnám í Vestmannaeyjum er án efa langyngsta landnámið hér á landi, því fyrst framanaf voru eyjarnar aðeins fiskiver. Sögnin um það landnám hefir því að líkindum gengið skemur í munnmælum en sagnir um ýms önnur landnám, sem eigi er þó ástæða til að rengja. En það, að fyrri Landnámuritari náði eigi í eins greinilega sögn, eins og hinn síðari, bendir *ekki* til þess, að sögnin um Herjólf sé *seinna til orðin* en sögnin um Orm, heldur öllu fremur til þess, að á alþingi, þar sem Landnámuritarar hafa safnað mestum fróðleik sínum hefir eigi verið allauðvelt að fræðast um sögu Vestmannaeyja. Það hlaut að vera mjög undir atvikum komið, hvort *nokkrir* Vestmannaeyingar komust til þings það og það sinnið, og því óvissara, hvort

það voru þá hinir fróðustu. Svo frá þeirri hlið sé eg enga ástæðu til að meta frásögn yngra handritisins minna en hina. Og hvað það snertir, að eigi sjást leifar af túngarði í Herjólfsdal, þá getur það bent á, að þar hafi bær staðið skamma hríð. Munnmælin gefa það líka í skyn, að svo hafi verið. Þau láta Herjólf sjálfan verða undir skriðunni, og var það hefnd fyrir harðýðgi hans: að hann vildi selja mönnum vatnið úr lindinni. Þessi sögn, um orsökina til skriðuhlaupsins, hefir að líkindum bæzt við síðar; ekki hefir hún náð í Landnámu.

Landn. tiltekur að nokkuru leyti staðinn, þar sem bærinn var í Herjólfsdal: »fur innan Ægisdyr«. Verði það örnefni ákveðið, þá er það að minsta kosti góður stuðningur við sögnina. Og svo vill vel til, að varla sýnist geta verið nema um einn stað að ræða. Það er *Kaplagjóta*, sem áður er nefnd. Sú skora er sérstaklega lög- uð til að geta heitið *dyr* fram til sjávar. Og hún er að eins stutt- um spöl fyrir utan Fjósaklett. Hafi bærinn staðið þar, sem skriðan er, og hafi Kaplagjóta fyrrum heitið Ægisdyr, þá stendur það eink- ar vel heima.

III. Ormsstaðir.

Aftur segir Landn. að Ormr auðgi (áðr: ánauðgi) hafi búið »á Ormsstöðum við Hamar niðri«. Nafnið *Ormsstaðir* er nú týnt. En orðið »niðri« er án efa miðað við Herjólfsdal: niður *þaðan*, nær sjó. Herjólfsdalur er hugsaður sem *sveitabær*, en Ormsstaðir við Hamar niðri sem *sjóbær*. Viða á Vestmannaeyjum eru hamrar með sjó, en bæði er þar víðast óbyggilegt, og svo er þeim hömrum eigi sérstak- lega gefið nafnið: *Hamar*, nema *Ofanleitishamri*, — en þar er óbygg- ilegt vegna vatnsleysis, þó ekki væri annað, — og *Nausthamri* við höfnina. Hann er nú litill, enda hefir sjórinn smá-brotið af honum. Gamalt fólk á Vestmannaeyjum man eftir, að hann náði upp að landklöppum og var allur jafnhár; en nú er þar skarð í milli. Og óefað hefir hann verið jafnhár fram á brún fyrrum, annars hefði hann ekki verið kallaður *hamar*. En nú er stallur mikill brotinn í hann að framanverðu. Bergið í honum er *hraun* (Lava) og vinnur sjórinn það auðveldlega. Ekkert er einkennilegt við hann og mun aldrei hafa verið, utan það, að hann er hjá lendingunni og menn hafa gjört naust hjá honum. Þar af hefir hann fengið nafnið:

Nausthamar. Er ekkert á móti því, að hann hafi fengið það nafn áður en byggð hófst í eyjunum. Því verstaða var þar áður og þar hafa menn lent, og þar nálægt hafa verbúðirnar verið. Það liggur því nærri að hugsa sér, að bærinn Ormsstaðir hafi staðið nálægt Nausthamri. Þó er á fleira að líta: Í heidni voru hörgar á Hörgaeyri; þá hefir hún verið talsvert hærri en nú og án efa landföst. Þeir Gissur og Hjalti lentu við hana, en fóru ekki inn á pollinn. Það gat nú verið af því, að þeir ætluðu litla viðstöðu að hafa; en það gat, ef til vill, líka verið af því, að sjór hafi þá ekki náð lengra inn en á milli Hörgaeyrar og Nausthamars; pollurinn ekki verið til. Það var þá líka betur víðeigandi, er sagan nefnir »*váginn*«, enn ef hann hefði þá verið eins fjarðmyndaður og nú. Þá hefði getað verið ærið túnstæði framundan Litlu-Löngu og ekkert ólíklegt að bærinn hefði verið settur nálægt Heimakletts-nefinu. En í því eru háir hamrar. Og á hinn bóginn getur maður varla hugsað sér *hörga* eða *kirkju* fyrir norðan voginn nema bær væri þar líka. En þó hann hafi verið þar í fyrstunni, þá hefir það ekki verið lengi. Hann hefir verið færður undan sandfoki, er hinir sterku norðanvindar suður af Eiðinu hafa valdið — og valda enn vestantil, þar sem sjór nær ekki til að hlífa. — Bærinn hefir verið færður áður en Landn. var rituð. Því segir hún: »þar er nú blásit allt«. En síðan hefir sjórinn líka grafið sig inneftir, myndað pollinn, brotið undirlendið og sett Hörgaeyri í kaf. En til þess þurfti landið að síga niður, og hefir án efa gjört það. Annars væri Hörgaeyri þurlendi enn í dag.

En þá er bærinn var fluttur — sé þessi tilgáta rétt, — þá var ekki spursmál um annan stað að setja hann á, en þar sem þá hafa verið verbúðirnar og nú er kaupstaðurinn. Þar var fýsilegt að byggja; þar var vel fallið til fiskiveiða og allgóð lending hjá Nausthamri. Og þar hefir þegar áður verið farið að gróa tún með töðugrasi undan áburði frá verbúðunum og fiskifanginu. Þar hefir svo með tímanum komið upp mikil og blómleg jarðrækt. Það sýna hinar mörgu fornu girðingar upp frá kaupstaðnum. Þar eru sumir reitir svo smáir, að það hafa naumast getað verið túnblettir, heldur akrar. Á túnunum, sem nú eru ræktuð, sér og víða fyrir fornum garðlögum. En túnin hafa verið sléttuð út fyrir eigi löngu. Þar eru í stuttu máli miklar menjar fornrar jarðyrkju.

En hvar á kaupstaðarsvæðinu hefir bærinn staðið? Líklegasti staðurinn virðist mér þar, sem nú heitir *Skansinn*. Hann er milli húsa í kaupstaðnum. Ein af »jörðunum« á Vestmannaeyjum er nefnd *Kornhóll*. Enginn bær ber það nafn nú. En sagt er að áður hafi bær með því nafni staðið þar, sem *Skansinn* er. Standa verzl-

unarhús og mörg önnur hús á Kornhóls-lóðinni. Gerum nú ráð fyrir, að jörðin hafi fyrst eftir flutninginn haldið áfram að heita Ormsstaðir, að einhver hinna fyrstu kaupmanna á eyjunum hafi jafnframt búið á jörðinni og átt hana, að hann hafi reist sér íbúðarhús af víði, eftir því sem hann hafði séð erlendis og að hann hafi þá lagt bæinn niður og gjört rúst hans að kornakri. Út af því hefir þá hóllinn fengið nafnið *Kornhóll*, en hið upphaflega bæjarnafn týnt. Löngu seinna, þá er dofna tók yfir akuryrkjunni, hefir aftur verið reistur bær á hólnum og haldið *Kornhóls-* nafninu. Þeim bæ hefir þá aftur verið tileinkað hið fyrra land, þó kaupstaðurinn nú hefði það til notkunar. Bærinn hefir ekki verið aðskilinn frá kaupstaðnum og einn hefir verið eigandinn, svo það gerði ekkert til, þó lóðin væri kend við Kornhól, ef til vill vegna fornrar endurminningar. Þó hefir bygð á Kornhól lagst niður aftur, og hefir það verið fyrir eða um 1627, því þar í hólnum, án efa í rústum bæjarins, lét kaupmaður reisa Skansinn þá er Tyrkja var von. Skansinn hefir verið upphleyptur ferhyrningur, um 5 fðm. á hvern veg og sterkir garðar um kring. Uppgangur vestanmegin. Garðarnir á norður og og austurhliðinni standa enn — með viðhaldi auðvitað, — en suðurgarðurinn hefir verið tekinn burtu. Svo stóð á því, að á einum tíma höfðu verzlunarhús verið sett á Skansinn og þá var garðinum rýmt frá og alt innan garðs líklega lækkað nokkuð. Þó er enn til muna uppgengt í Skansinn. Þó tilgátunum um Ormsstaði hér að framan kunni að skakka meira eða minna, þá mun þó mega telja vist, að elzti bærinn í kaupstaðnum hafi verið settur þar, sem síðar hét Kornhóll og nú heitir Skansinn. Brátt hafa svo fleiri bæir bæzt við. Einna elzt bæjanöfn virðast vera: *Búastaðir*, *Oddsstaðir*, *Vilborgarstaðir*, *Lönd* og *Kirkjubær*. Fyrir ofan Leiti mun líka allgömul bygð. Hefir elzta bæjarnafn þar: *Ofanleiti*, myndast úr orðunum »fyrir ofan Leiti«.

IV. Kirkjan á Vestmannaeyjum.

Svo segir í Kristnisögu, k. 11: »Þeir (Gissur og Hjalti) tóku þann sama dag Vestmannaeyjar, og lögðu skip sitt við Hörgaeyri; þar báru þeir fót sín á land, ok kirkjuvið þann, er Ólafr konungr hafði látið höggva ok mælti svá fyrir, at kirkjuna skyldi þar reisa, sem þeir skyti bryggjum á land. Áðr kirkjan var reist, var lutað

um, hvárum megin vágsins standa skyldi, og hlautzt fyri norðan, þar voru áðr blót ok hörgar«. Hér er ljós vitnisburður um það, að undirlendi hefir verið norðanmegin hafnarinnar. Eins og þar hagar nú til, dytti engum í hug að setja þar kirkju. Það væri blátt áfram ómögulegt. Og það, að kirkjan var sett þeim megin, er næstum sönnun fyrir því, að þá hafi þar bær verið. Undarlegt, og næstum óhugsandi, var að setja hana þar, sem enginn bær var nærri. Hörgaeyri er líka norðanmegin og bendir það til hins sama. Og þar eð þeir Gissur hlutuðu um, hvorum megin kirkjan skyldi sett, þá sýnir það, að bygð var báðum megin. Kirkjan hefir staðið suður og vestur frá Heimakletts-nefinu, þar sem nú heitir Litla-Langa. Þar er hellisgjögur í hamrinum, kallað *Skrúðabyrgi*. Er sagt að kirkjuskrúðinn hafi verið geymdur þar. Var honum þar óhættara fyrir raka en í nokkuru húsi, því þar blæs inn, en úrkoma komst ekki að. En það tekur af allan vafa, að *Aagaard* sýslumaður lét grafa í Litlu Löngu, og fann þar mannabein og jafnvel fleira sem benti á grafreit kristinna manna. Þetta er einmitt þar, sem sögnin lætur þræla Hjörleifs hafa sezt að, og þar, sem ég hefi hér að framan getið til að Ormsstaðir hafi staðið í fyrstu, en verið fluttir þaðan undan sandfoki og sjógangi.

Og víst er um það, að kirkjan hefir verið flutt þaðan, ef til vill fyr en bærinn lagðist alveg af. Þá hefir hún verið sett í *Kirkjubæ*. Er bæjarnafnið óræk sönnun þess, að þar hefir kirkja verið. Er og til í fornbréfasafninu máldagi Kirkjubæjarkirkju í Vestmannaeyjum gjörður af Árna biskupi Þorlákssyni 1269. Þá hefir flutningurinn verið um garð genginn. Það sýnist undarlegt, að setja kirkjuna á hinn austasta bæ í sókninni, sem helzt var afskektur. En líklega hefir einhver helzti maður eyjanna búið þar þá, og viljað hafa kirkjuna hjá sér. Þetta gerði og lítið til meðan bæir voru fáir og þorp eigi farið að myndast. En með tímanum myndast þorp og kaupstaður hjá lendingarstaðnum og varð bústaður kaupmannsins og annara fleiri mikilsvirðra manna. Þá var þar orðin þörf á kirkju á staðnum, og má sjá, að hún hefir verið sett þar 1573. Í safni Jóns Sigurðssonar (249) er til afskrift af handriti Nikulásar Jónssonar í Fróðholtshjáleigu, rituð á Ofanleiti af Sighvati Eiríkssyni 1829. Þar segir svo: »1573 var fyrst bygð Landakirkja í Vestmannaeyjum þar, sem hún nú stendur«. Þessi orð, sem ég hefi auðkent, virðast þurfa skýringar við. Handrit Nikulásar ber það nfl. með sér, að það er ritað eftir 1633; en þá hefir kirkjan *ekki* staðið á Löndum. En þar hefir hún þó sjálfsagt staðið á sínum tíma, það sýnir nafnið *Landakirkja*. Hvaða ástæða hefði verið að kenna hana við

bæinn *Lönd*, ef hún hefði aldrei verið þar? Bærinn *Lönd* mun hafa staðið þar, sem nú heita *Fornu-Lönd*. Það er falleg, flatlend hæð niðri við þorpið. Þar er nú alt sléttað út í tún og kálgarða, svo að hvorki sér tóft eftir bæ né kirkju, en vottar að eins fyrir tungirðingu all stórrí. Að norðanverðu fyrir norðan hæðina (nær sjónum) sést hún þó ógjörla. Þar er nú timburhús, sem ber nafnið »á Löndum«, og mun girðingin hafa náð þangað. En örnefnið »Fornu-Lönd« sýnir, að þar hefir bærinn verið áður. Enda er þar miklu fegra. Þar mun kirkja þorpsins hafa verið sett í fyrstu og verið nefnd eftir bænum *Landakirkja* til aðgreiningar frá Kirkjubæjarkirkju, sem áður var, en síðan var að eins bænahús. Á Löndum mun kirkjan hafa staðið fram að árinu 1627, er Tyrkjar brendu hana. Þá hefir hún legið niðri um 3 ára tíma. Svo segir handrit Nikulásar: »1631 var Landakirkja aftur upp bygd í tíð umboðsmannsins Zachariasar Gottfriedssonar. Sá sami var begrafinn fyrir altarinu þar 1633«. Í það sinn hefir kirkjan verið flutt uppeftir þangað, sem enn er kirkjugarðurinn. Það sést á því, að í honum er legsteinn séra Ólafs Egilssonar, sem dó 1639 og hefir verið jarðaður þar. En þá mun sú regla eun hafa verið óhöguð, að kirkja stæði í kirkjugarði.

En sé það nú rétt tilgetið, að Landakirkja sú, sem bygd var 1573, hafi verið sett á Löndum, hvornig stendur þá á því, að handrit, sem ritað er eftir 1633, segir um Landakirkju: »þar sem hún nú stendur?« Því virðist mér auðsvarað: Nikulás hefir haft fyrir sér eldra handrit og skrifað það alt orðrétt upp. En það hefir ekki náð fram að 1627. Því, sem frá er sagt eftir það ár, hefir hann bætt við eftir öðrum heimildum, þar á meðal því, að kirkjan hafi verið endurbygð 1631 og Zacharias umboðsmaður jarðaður þar 1633. Er þá annað hvort, að hann hefir ekki vitað, að kirkjan var burtu frá Löndum þá er hann ritaði, eða honum hefir gleymst að geta þess.

Kirkjan, sem bygd var 1631, mun hafa staðið fram að 1722. Þá er þess getið, að hún hafi verið endurbygð. En 1783—4 var byrjað að byggja steinkirkjuna, sem enn stendur. Og með því að sú bygging hefir hlotið að standa yfir nokkuð mörg ár, þá hefir steinkirkjan ekki verið sett í kirkjugarðinn, heldur hefir gamla kirkjan verið látin standa og messað í henni þar til er hin nýja var fullgjör. Hún sendur á falgri flöt, stuttum spöl fyrir vestan kirkjugarðinn. Er hún ef til vill fyrsta kirkjan hér á landi, sem sett er utan kirkjugarðs. Enn ber hún nafnið *Landakirkja*. Gamla kirkjan hefir svo verið rifin og jafnað yfir rúst hennar. Hefir síð-

an verið jarðað þar eins og annarstaðar í garðinum, og sést nú ógjörla hvar í honum hún hefir staðið.

Handrit Nikulásar getur þess, að áður en Landakirkja var byggð, hafi verið messað í smákirkjum í Kirkjubæ og Ofanleiti. En eftir að hún kom hafa þar verið bænahús. Hlutaðeigendur hafa ekki viljað missa alt. Bænahúsið í Kirkjubæ stóð fram á 19. öld. Þar, sem það stóð, er nú hjallur, og er hann kallaður »bænahúsið«. Kringum hann hefir til skamms tíma vottað fyrir kirkjugarði og leiðum. En nú hefir það alt verið sléttað út. Svo sagði mér gamall maður í Vestmannaeyjum, Jón bóndi Jónsson í Gvendarhúsi hjá Ofanleiti, að þá er síra Brynjólfur Jónsson var prestur í Eyjunum, hefði enn verið 3 legsteinar í Kirkjubæjarkirkjugarði. Hefði þeir verið svo máðir, að að eins hefði lítið eitt vottað fyrir letri á þeim. Hefði síra Brynjólfur reynt með alúð að lesa á þá, en reynst það ómögulegt. Hefði hann því álitid, að ekki væri neitt á móti því, að slétta þá alveg, og gera svo úr þeim legsteinna yfir aðra menn. Og það hefði verið gert. Það væri nú legsteinarnir yfir sr. Jóni Austmann, Magnúsi syni hans og Jóni Salómonsén, tengdasyni hans.

Eftir bænahúsið á Ofanleyti sjást nú engar menjar, en vottar fyrir kirkjugarði, sem kringum það hafði verið. Það hefir þó staðið fram undir miðju 19. aldar. Svo sagði mér Þórunn Sigurðardóttir, mjög merk kona († á Loftsstöðum 1899), að þá er hún bjó í Fljótstal í Fljótshlíð, kringum 1850, fór hún eitt sinn með manni sínum kaupstaðarferð út í Vestmannaeyjar, og heimsótti kunningjafólk sitt þar. Kom hún þá að Ofanleiti og sýndi síra Jón Austmann henni »kirkjuna«, — það hefir víst verið bænahúsið. — Sá hún þar talsvert af útskurði, er henni þótti mjög fagur. En sr. Jón sagði henni, að nú ætti að fara að rífa kirkjuna, og nú yrði allur þessi fagri útskurður seldur á uppboði til eldiviðar. Sér væri ekki unt að afstýra því, og mætti hann þó ekki til þess hugsa. — Þá er Þórunn sál. sagði mér þetta, var eg með öllu ókunnugur Vestmannaeyjum og hugkvæmdist ekki, að spyrja hana frekar um þetta, t. a. m. hvort »kirkjan« sem hún nefndi svo, hefði nú í raun og veru verið annað en bænahús. Mér sýnist það nfi ljóst, að þar eð byrjað var að byggja steinkirkjuna 1783, þá hafi hún verið fullgjör löngu fyrir þenna tíma, og þá líka búið að rífa gömlu kirkjuna frá 1722, og því hafi það ekki getað verið Landakirkja, sem sr. Jón sýndi Þórunni. Ef til vill hefir bænahúsið á Ofanleiti alla tíð verið kallað *kirkja*.

Geta vil eg þess, að austan við Fornu-Landa túnið hefir nýlega verið byggt timburhús, sem kallað er *Hof*. En þar var ekkert örnefni áður og engin sögn, sem minti á *hof*; það fullyrtu kunnugir menn. Húsinu var gefið þetta nafn til viðhafnar, og mega seinni menn ekki láta það villa sig.

V. Tyrkjaráns endurminningar.

Fyrir utan Skansinn, sem áður er skýrt frá, eru ekki mörg örnefni í Vestmannaeyjum, sem minna á Tyrkjaránið. Og ekki heyrði eg neina munnmælasögn, er segði frá atvikum þar að lútandi, nema ef telja skal þá, að maður, er Oddur hét, hefði leynst uppi á Hánni, séð þaðan alt er fram fórr, og sagt frá því síðan. Og um *Hundraðmannahelli* er sú sögn, að þar hafi falizt 100 manns, en Tyrkjar séð hund, er sat við hellismunnann og þannig fundið hellinn, farið í hann og drepið fólkið. Hellirinn er sannarlega ágætt fylgsni og ekki ólíklegt, að menn, sem vissu af honum, leituðu hælís í honum í háskanum. Og vel getur hann að innanverðu rúmað 100 manns, og er frá þeirri hlið ekkert á móti því, að sögnin geti verið sönn. En á hinn bóginn eru þau ólíkindi á, að mjög er seinlegt að komast inn í hellinn. Inn um munnann kemst ekki nema einn maður í einu, og hann verður fyrst að skíða á maganum svo föðmum skiftir inneftir honum. Menn hefði því þurft að taka ráð í tíma, til að sleppa þar inn svo að ekki bæri á. En hefðu menn samt komist þar inn, þá er óskiljanlegt, að þeir hefði hleypt óvininum inn til sín, er komið hefði einn í einu skriðandi á maganum. Hættara mundi við, að þá er svo margt fólk væri komið þar inn, gæti það ekki lifað fyrir loftleysi. Og hvað sem um alt þetta er, þá er það athugasvert, að þeir sem rituðu um Tyrkjaránið, hafa ekki getið hellisins. — Tveir aðrir hellur eru þar, sem spursmál gat verið um að flýja í, *Agðahellir* og *Kattarhellir*, sem í daglegu tali er líka nefndur *Kathellir*. En engar sagnir eru um þá í þessu sambandi.

Fiskabyrgin, sem getið er um að sumt fólkið flýði í, eru á stöllum hér og hvar utaní hengiháum móbergshamri, sem er sunnaní Hánni fyrir austan Herjólfsdal. Eru byrgin mynduð á þann hátt, að grjóti er hlaðið á framanverða stallana. Mundi fólki hafa verið óhætt þar, ef eigi hefði farið þangað fleiri en niðri gátu legið. En

Tyrkjar gátu skotið á þá, er þeir sáu upp yfir grjóthleðsluna, og getur síra Olafur Egilsson þess, að það hafi orðið sumum að bana.

Hellirinn, sem síra Jón Þorsteinsson var veginn í er nú ekki lengur til. Hann var undir hraunhamri við sjóinn norðaustur frá bænum Kirkjubæ. Þar er brimsamt mjög og hefir sjórinn smátt og smátt molað úr hamrinum. Við það hefir hellirinn molast burt. Gamli menn, er eg talaði við, sögðust muna eftir, að á yngri árum þeirra hefði þar enn verið dálitill skúti, er nú væri horfinn.

Í frásögn síra Ólafs Egilssonar segir, að bátar ræningjanna hafi lagt að *Brimurð*, er þeir komust ekki á land í *Kópavík*. En svo segja kunnugir menn, að við *Brimurð* sé aldrei lendandi. Þar á mót megi oft lenda við *Ræningjatanga*. Þar er líka sagt að Tyrkjar hafi lent, og nafnið bendir líka til að svo hafi verið. *Brimurð* er að visu skamt frá *Ræningjatanga*; en ólíklegt er samt, að þessi missögn sé síra Ólafi að kenna. En hún gat síðar komist inn í söguna.

Rannsókn

á Þórsmörk sumarið 1906.

Eftir

Brynjúlf Jónsson.

Svo segir í Landn. V. 2.: »Ásbjörn Reyרקetilsson og Steiniðir bróðir hans námu land fyrir ofan Krossá fyrir austan Fljót. Steiniðir bjó á Steinfinnsstöðum ok er ekki manna frá honum komit. Ásbjörn helgaði landnám sitt Þór ok kallaði Þórsmörk; hans son var Ketill enn auðgi, er átti Þuriði Gollnisdóttur; þeirra börn váru þau Helgi ok Ásgerðr«.

Svo segir Njála, k. 148: »Kári reið nú vestur fyrir Seljalandsmúla ok upp með Markarfljóti ok svá upp í Þórsmörk. Þar eru þrír bæir, er í Mörk heita allir. Á miðbænum bjó sá maðr, er Björn hét . . .«

Þetta eru einu sögustaðirnir, sem skýra frá bygð á Þórsmörk. Það er því eigi von, að menn viti mikið um hana. Eigi er unt að vita nær bygðin þar lagðist niður, en snemma mun það hafa verið. Það lítur helst út fyrir, að Þórsmörk hafi verið óbygð þá er Jón Loftsson bauð Þorláki biskupi að flytja sig þangað með Ragnheiði, systur biskups, » . . . eðr í einhvern þann stað, er eigi sekist alþýða af samneyti við mik«, segir Jón, (Bisk.sög. I. 291). og er þar með gefið í skyn, að í Þórsmörk hafi ekki verið hætt við, að hann hefði samneyti við alþýðu, þaðan væri engar samgöngur við almannabygð. Þetta var á 12. öld. En á 13. öld á Hallskirkja undir Eyjafjöllum skógaritak í Stöng á Þórsmörk (Ísl. fornbréfasafn II. 85), og bendir það til hins sama. Um orsök til þess, að bygð á Mörkinni lagðist niður vita menn heldur ekkert. Ég hefi getið þess til áður (sjá Árb. fornlfél. 1894, bls. 22), að vestan fram með Þórsmörk hafi verið undirlendi, er Markarfljót hafi síðan hlaupið yfir, og hafi það orðið til þess, að þar hafi eigi þótt búandi vegna vegleysis til bygða.

Gizka má að vísu á fleira. En nú, er eg fór þangað í sumar athugaði eg líkindin til þess, að slíkt undirlendi hefði getað verið þar, og staðfestist þá hin fyrri ætlan mín. Virtist mér mjög líklegt, að undirlendisræma hefði verið frá *Merkurrananum* innfyrr *Húsadal*, en naumast lengra inneftir. Sú ræma hefði þá verið efsta framhald af *Langaness*-undirlendinu til fjalla. Og allóhægt hefir verið að búa á Þuridarstöðum að minnsta kosti, hafi eigi verið greiðari vegur þangað fyrrum en nú er. Auðvitað held eg því eigi fram, að eyðing þessa hugsaða undirlendis hafi verið *eina* orsökina til þess að Þórsmörk lagðist í eyði. Það gat t. a. m. verið vikurfall úr eldfjöllum, og það gat verið aukning jökla á fjöllum fyrir ofan og þar af leiðandi aukið vatnsmegn í ánum, sem yfir þurfti að fara. Merkilegt er það, að þau tvö örnefni sem kend eru við Þórsmörk: *Markarfljót* og *Merkurjökull*, hafa sitt hvora eignarfallsmynd af *mörk*. Þau eru líklega ekki jafn gömul. Myndin *merkur* mun vera yngri. Merkurjökull hefir þá síðar fengið nafn sitt. Það er nú að vísu ekki *sönnun* fyrir því, að hann sé sjálfur að einhverju leyti yngri: en *bending* er það í þá átt. — Snemma munu og uppblástrar hafa tekið að spilla Þórsmörk, því veðrasamt er þar, þó raunar séu þar líka skjól góð víða. Landslagi á Þórsmörk er nokkuð lýst í Árb. '94, en leiðréttá skal það hér, að áin, sem nú á dögum er talin að mynda norðurtakmörk Þórsmörkur, er þar nefnd *Ljósá*. Hún heitir *Þröngá*, eins og Sigurður Vigfússon nefnir hana, (Árb. '92). Hin réttnefnda *Ljósá* er góðum spöl innar. Er landið báðum megin hennar, og allt fram að *Þröngá*, nú kallað *Almenningur*. Landnáma nefnir ekki norðurtakmarkið á landnámi þeirra bræðra, *Reyrketils-sona*. Eru mestar líkur til, að það hafi verið *Ljósá*. Þar skiftir um landslag, þangað nær hið hrikalega, en gróðursæla Þórsmörk-hálendi, en fyrir innan *Ljósá* tekur við breið hraunslétta, skjólalaus og gróðurlítill. Er þar heldur ólíklegt til bygðar, enda sjást þess engin merki. En fyrir innan *Þröngá* hefir bær verið. Hann stóð í hliðinni upp frá ánni, er veit mót suðri. Hefir þar verið bæði mikið land og fallett meðan óblásið var. Í æsku þeirra manna, sem á yngri árum mínum voru gamlir, var það land þegar mjög blásið, en stóð þó eftir allstór jarðvegstorfa í hliðinni upp frá *Þröngá*. Kölluðu menn torfunu *Kápu*, af lögun hennar. Hún hélt áfram að blása upp, og kom þar þá í ljós bæjarrústin, sem getið er í Árb. '92 bls. 38 og '94, bls. 21. Nú er ekki eftir af »*Kápu*« nema tvær smá torfur, sem auðsjáanlega verða alveg horfnar, áður en langt um liður.

Þessi bær fyrir innan *Þröngá* er án efa einn af þeim þremur bæjum, sem *Njála* getur um, að verið hafi í Þórsmörk. Og auðvit-

að er, að landið gat ekki heitið *Almenningur* meðan bær var þar. Nafn bæjarins er týnt. En ekki sýnist mér vafamál, að hver bær hafi átt sitt nafn í Þórsmörk, eins og annarstaðar, þó Njála segi um þá: »er í Mörk hétu allir«. Það mun vera svo að skilja, að jafnan, er einhver þeirra var nefndur, hefir verið bætt við til skýringar: í *Mörk* (t. d. *Þuridarstaðir í Mörk*). Og stundum, þegar svo stóð á ræðu, hafa þeir verið teknir allir undir eitt, og nefndir »í Mörk« líkt og vér segjum nú »í Mörkinni«. Er hugsanlegt að ritari Njálu hafi aldrei heyrt þá nefnda öðruvísi en svo, og ekki þekkt hin einstöku nöfn bæjanna. Og sé þetta rétt til getið, þá bendir það til þess, að hann hafi ekki átt heima í Rangárfingi. En líka getur verið, að hann hafi slept að nefna hin einstöku bæjarnöfn, álitíð hitt nægja og notað það til að vera stuttorður. Það gerir hann sér oft far um. Sigurður Vigfússon ætlar, að Kápu-bærinn hafi verið *miðbærinn* á Þórsmörk, en mér þykir líklegra að það hafi verið innsti bærinn. Innar er naumast líklegt að byggð hafi verið, eftir landslagi og veðurlagi að dæma. *Þuridarstaðir* (sjá Árb. '94, bls. 22), hafa án efa verið fremsti (syðsti) bærinn. En hvar var þá miðbærinn? Um það er eg fyrir mitt leyti varla í vafa. Stuttri bæjarleið fyrir innan Þuridarstaði er *Húsadalur*. Þar valdi Sæmundur Ögmundsson sér bæjarstæði, er hann vildi búa á Þórsmörk, (sjá sama stað), og mun flestum sýnast, að hann hafi ekki getað betur valið. Það er óneitanlega byggilegasti staðurinn á allri Mörkinni. Svo mun líka hafa verið í fornöld. Kápu-bæjarstæðið hefir vissulega verið álitlegt líka meðan landið var óblásið. En þó fell eg nú frá þeirri tilgátu að þar hafi Ásbjörn Reykretilsson sett bæ sinn, tel eg enn líklegra, að hann hafi sett hann í Húsadal. Ekki er von að forn rúst sjáist þar, Sæmundur mun hafa sett sinn bæ í hana og þannig eyðilagt hana. Bær Sæmundar hefir staðið á fegursta staðnum í dalnum, og ekkert er líklegra en að Ásbjörn hafi byggt á þeim sama stað. Lækur hefur runnið eftir dalnum og fram hjá bænum. Nú er hann þornaður, nema í leysingum, því uppblástur gengur ofan í dalbotninn og uppsprettan er sandkafin. Nafnið »Húsadalur« mun að vísu eigi vera eldra, en eftir byggð Sæmundar. Nafn hins forna bæjar hefir ef til vill aldrei verið annað en »Þórsmörk«. Að minsta kosti hefir svo verið meðan ekki voru fleiri bæir á Mörkinni. Nú vil ég líka, — til þess að koma ekki í bága við Landn., — falla frá þeirri tilgátu, sem enda var lausleg, að *Steinfinnsstaðir* hafi verið fyrir sunnan Krossá og nafnið hafi breyst í *Steinsholt*. Set ég þá tilgátu í staðinn, að Kápu-bærinn sé Steinfinnsstaðir, því samkvæmt Landnámu námu báðir bræðurnir land »fyrir ofan Krossá«.

Nú var það aðeins Ásbjörn, sem helgaði landnám sitt Þór. Sé þetta rétt til getið, þá hefir Þórsmörk aldrei náð nema inn að Þröngá, eins og enn er talið. En Steinfinnur hefir þá numið land þaðan inn að Ljósá. En þó að Njála aðgreini ekki þennan bæ frá Þórsmörk, og telji þar þrjá bæi, þó ekki væru nema tveir þeirra í Mörkinni sjálfri, þá er það litilvæg ónákvæmni af manni, sem þar hefir víst aldrei komið. Annars ræður hver sinni meiningu um þessar tilgátur minar.

Þá er ég skoðaði Kápu-rústina 1893, kom ég ekki í *Þuridarstaði* mér var sagt, að þar sæist engin rúst. Þá var þar þó talsvert blásið, en meira hefir blásið síðan, því nú er þar örfoka ofan að móhellu. Er vert að geta þess, að hvar sem örfoka er á Þórsmörk, verður eftir þunt móhellulag, og er ýmist að það liggur flatt eða því hallar meira eða minna. Fer það eftir því, hvort land er flatt eða því hallar á þeim eða þeim staðnum. En svo þunt er þetta móhellulag, að sumstaðar rekur hestur fótinn niður úr því. Undir því er þykt sandlag ofan á þursabergi. Ekki verður nú komist á hesti til Þuridarstaða nema á einum stað. Verður að fara af Krossár-aurnum upp úr Engidal. og svo vestur yfir hrygg ranans og ofan að Þuridarstöðum um svo snarbratta brekku, að það má illfært heita. Ekki er þar um bæjarstæði að ræða nema á einum stað. Þar gengur ávið-flatt nef fram að fljótinu og er að eins sjálft nefið halla lítið þar er líka bæjarústin, grjótið úr henni liggur í dreif ofan á móhellunni. Ekki er það meira en svo, að að eins hefir það verið nóg í undirstöður veggjanna. Og þó hallinn sé ekki mikill, er hann nógur til þess, að meðan þar var mold og aurbleyta gat myndast í leysingum, þá hefir hún sigið undan hallanum og fært steinaraðirnar úr lagi, svo ekki er lengur hægt að ákveða húsaskipun, Þó var þar enn á einum stað þráðbein steinaröð nál. 10 faðm. löng. Það er án efa undirstaðan undir afturvegg aðal-bæjarhússins, sem víst hefir verið skift í fleiri herbergi. Af undirstöðu framveggjarins stóðu steinar eftir hér og hvar og mynduðu beina röð samhliða hinni. Hafði breidd hússins að innanverðu verið hér um bil 4 al. Annars lá grjótið í óregluglegri breiðu, og var hún nál. 22 faðm. á lengd frá norðri til suðurs. Breiddina var ekki hægt að ákveða, hún var svo ójöfn. Til norðvesturs frá breiðunni sáuust leifar af sérstöku húsi er virtist hafa verið nál. 8 faðma langt og 1½ faðm breytt. Austanvið rústina er djúp laut eða dálítið gil, hálfult af foksandi; það liggur fram í bæjarlækinn. Fyrir austan það lágu nokkrir steinar á móhellunni í miklum halla. Það voru án efa leifar af húsi og hafa fleiri steinar víst verið þar áður en hafa færst ofan í gilið og sand-

kafist. Þar voru sindur og hefir þetta verið smiðja. Þar lá meðal annara steina, einkennilegt steinbrot. Það er úr þursabergi, nokkuð stórt, ávið-flatt. Er önnur hliðin nokkurn veginn slétt, hin er hálf kúpumynduð. Kúpu megin hefir verið höggvin skál í steininn og sléttfægð innan. Niður úr botni hennar hefir verið höggvið kringlótt gat, nær $1\frac{1}{2}$ þuml. í þvermál. Um það gat hefir steinninn brotnað og er hálf gatið og hálf skálin eftir á þessu broti. Hitt brotið er ekki að finna, mun það vera komið í gilið og liggja þar undir sandfönn. Svo langt er síðan steinninn hefir brotnað, að sárið er orðið máð og af því brúnir allar. Hið einkennilegasta er, að skálin er öll brunnin innan. Innan í henni er svört húð, gljáandi líkt og steinkol, en öll smásprungin. Sprungurnar eru nál. 2 línur á dýpt. Ég ímynda mér nú, að hinn hluti steinsins hafi verið eigi minni en þessi, og á honum eigi minna af skálinni, og að í henni hafi brunnið smiðju-eldur, en gatið verið fyrir afhlólk, loftið leitt gegnum það til eldsins. Í bæjarrústinni var á einum stað talsverð hrúga af viðarkolaösku undir steinum, en eldstó sást þar ekki. Skamt frá rústinni vestan megin, nær fljótinu, var á einum stað einkennileg hola, sem leit út fyrir að vera höggvin gegnum móhelluna með sérstakri lögun. Meginhluti hennar er skáhalt-ferhyrndur og snýr eitt hornið fram að fljótinu. En gagnvart því, á þann veg sem að fljótinu veit, er ekkert horn, en í þess stað spaðamynduð framlenging. Að henni meðtaldri er holan á þann veginn nál. 2 al. löng. Hola þessi er full af mulinni beinösku. Var ekki að sjá, að nein önnur aska eða neitt annað væri saman við hana, nema hvað hún er sandrokin ofan. Ég kannaði hana vel þverhandar djúft niður, og var alstaðar sama beinösku-mylsnan óblönduð. Ég vildi sem minnst haggja þessu, því mér kom í hug, að það kynni að vera leifar frá heiðnum heimablótum. En auðvitað get eg ekkert fullyrt um það. En svo mikil og svo hrein beinaska er einkennileg. Steinskál mikil eða steinker stóð hjá rústinni. Það var $1\frac{1}{4}$ al, á lengd og nál. 1 al. á breidd, en varla $\frac{1}{2}$ al. á dýpt að því er virtist. Raunar var ekki hægt að mæla dýptina nákvæmlega, því keríð var fult af sandi, en alt sprungið í smáparta, sem högguduust við það er sandurinn var færður burt, en höfðu áður haft stuðning af honum og voru því óhaggaðir að mestu. Botninn var lítt eða ekki brotinn, enda virtist hann mjög þykkur. Létum við¹⁾ hann óhreyfðan, en röðuðum brotunum sem haggast höfðu, svo að keríð komst í samt lag aftur. Efni steinkers þessa er ljósgrátt móberg allþétt í sér, en

¹⁾ Sigurpór bóndi Ólafsson í Hlíðarendakoti var fylgdarmaður minn.

þó mjúkt og auðunnið. Er sú steintegund eigi sjaldgæf á Þórsmörk, sjást víða molar úr henni í framburði giljanna. Kerið var utan við rústina og virtist hafa staðið úti. Má vera að það hafi verið þvotta-stampur. Í rústinni fundum við leifar af ýmsum smáhlutum, nokkur brýnjsbrot, krók úr fötukilp, odd af ljáspik og þyrsklingsöngul auk ýmissa smábrotá af járni, sem ekki verður séð úr hverju eru, og fáeina smásteina, sem bornir hafa verið til bæjar frá fljótinu. Þyrsklingsöngullinn er vottur þess, að þaðan hefir maður farið í útver til róðra; hann hefir haft öngullinn heim með sér frá sjó, eftir að hann hafði notað hann þar. Til heimanotkunar á Þórsmörk gat öngullinn eigi verið ætlaður. Loks skal þess getið, að sunnan undir nefinu, sem rústin er á, rennur lækjarsitra í fljótið, og hefir þar verið bæjarlækur og vatnsból Þuridarstaða.

Sé það nú rétt til getið, að bær Ásbjarnar Reyarketilssonar hafi verið þar sem nú heitir Húsadalur og hafi Ásbjörn búið þar til elli þá er það eðlileg tilgáta, að Ketill son hans hafi reist bú að föður sínum lifanda og því gjört sér annan bæ í landnámi hans. Og þar eð kona Ketils var *Þuridur Gollnisdóttir*, þá liggur beint við, að bær Ketils hafi verið kendur við nafn hennar og það hafi verið *Þuridarstaðir*. Sérstaklega væri það líklegt, ef hún hefði lifað mann sinn og búið þar eftir hann. Örskamt má heita milli Húsadals og Þuridarstaða. Þó verður það nú ekki komist með hest, nema fljótið sé svo lítið að riða megi undir hömrum. En þar hygg ég að áður hafi verið undirlendi, sem að framan er tekið fram.

Ég sagði hér að framan, að ég væri fallinn frá þeirri lauslegu tilgátu, að nafnið *Steinfinnsstaðir* hefði breyst í *Steinsholt*. Nú set ég fram aðra tilgátu viðvíkjandi landinu sem Jörundur goði »fór eldi og lagði til hofs«. Hún er sú, að með orðunum »milli Krossár og Jöldusteins« sé átt við alla landspilduna milli Krossár og Jökulsár. Jökulsá er milli Steinholts og Langaness og hefir að líkindum til forna runnið í fljótið eigi alllangt frá Jöldusteini, ef til vill runnið áður saman við Steinholtsá niðri á undirlendinu. Þetta landnám Jörundar hefði þá náð yfir *Godaland*, *Stakkholt* og *Steinsholt*. Þá hefði *Hoftorfa* á Steinsholti haft nafn af hofi Jörundar — þó það stæði þar ekki — og Steinsholt haft nafn af hinum stóra steini, sem stendur í Hoftorfunni, en »Bjórinn« væri láglendis-spildan sem liggur ofan að fljótinu á þessu svæði. Hefir þar þá verið graslendi og hefir það verið sambandsliður milli Langaness og láglendisgeirans vestan fram með Þórsmörk. Hefir þá legið vegur eftir öllu því láglendi endilöngu. Kemur þetta alt vel heim bæði við Landn. og Njálu. En af þessari tilgátu leiðir, að hvergi verður hægt að hugsa sér

rúm fyrir Steinfinnsstaði annarsstaðar, en fyrir innan Þröngá, og er það í samræmi við tilgátu mína hér að framan.

Hellar, skútar, gjögur og glufur, eru víða á Þórsmörk í brúnunum utanmeð, og sýnir það ljóslega, að sjór hefir náð þangað fyrrum Tveir hellar hafa nöfn: *Snorraríki* og *Sóttarhellir*. Um Snorraríki er sú munnmælasögn, að hann hafi nafn sitt af sekum manni er hafi hafst þar við. Og það er ekki ósennilegt, því þar er ilt aðsóknar. Hellirinn er hátt uppi í lóðréttum hengi-hamri, eru spor höggvinn í bergið til að klifra upp. Ekki eru þau stærri en aðeins fyrir tærnar og fingurgómana, og fram úr dyrunum skagar laus steinn, eigi alllitill, sem líklega hefir verið halaður upp og settur þar til að gjöra uppgönguna en óhægari. Enda er ekki allra færi að fara í hellinn. Þó átti ég tal við mann, sem komið hafði í hann. Sá maður fullyrti að hellirinn hefði engin þau kennimerki innan, er bæri vott um mannaverk. En á hamrinum, sem hellirinn er í, sér þó talsvert af mannaverkum neðantil, auk sporanna, sem nú er getið. Það eru nöfn og fangamörk margra manna, án efa einkum fjárleitarmanna. Þau eru auðsjáanlega misgömul, sum eru *máð*, sum aftur *nýleg*, en langflest þar á milli. Letrið á flestum er latinuletur þó sá *ég* þar settletur og lítið eitt af rúnum. Eigi virtust þær mjög fornlegar.

Um *Sóttarhellir* er sú munnmælasögn, að þar hafi margir fjárleitarmenn dáið sviþlega í einu og að þessvegna hafi hellirinn síðan verið vígður; hafi þá verið festar upp í hann klukkur og sjáist þess enn merki. Þessa sögn hafði ég heyrt í mörgum og mismunandi »útgáfum«. Þess vegna varð mér það nú, sem sjaldan er vant, að ég gaf munnmælunum engan gaum og fór ekki að skoða hellinn. Þess iðraðist ég þó, er ég kom til baka út í Fljótshlíðina. Þar hitti ég þá mann, er komið hafði í hellinn og athugað hann innan, sagði hann að sér virtust raunar líkur til, að aðallega væri hellirinn náttúrusmiði, en þó líklega lagaður af mönnum. Tvö berghöld væru uppi í ræfrinu, hvort gagnvart öðru, hola væri inn úr gaffinum, höggvin af mönnum, og á ræfrinu sæist á einum stað votta fyrir ókennilegu letri. Af þessu datt mér það spursmál í hug: Skyldu ekki írskir munkar hafa búið í hellinum fyrir landnámstíð? Sú tilgáta væri í samræmi við grein mína: *Um hella undir Eyjafjöllum*, í Arb. '02, og við hina vel rökstuddu grein Einars sýslumanns Benediktssonar um *Irabjlin* (Fjallk. XXII, tölubl. 41, 42).

Fornleifafundur

á Gýgjarhòli 1906.

Á Gýgjarhòli í Biskupstungum hefir, svo lengi sem menn vita til, verið framhýsi, sem hefir verið kallað »skáli«. Það var smáhýsi austanmegin bæjardýra, hafði inngang frá þeim, en sneri stafni fram á hlaðið. Eftir því sem það leit út nú upp á síðkastið, var að sjá sem þar hefði átt að gjöra ofurlitla stofu, en aldrei verið þiljuð innan. Engin forn einkenni hafði þessi »skáli« önnur en nafnið. En af nafninu virðist mega ráða að þar hafi fyrrum verið *skáli* í raun og veru og húsið síðan haldið nafninu, hvernig sem því var breytt á ýmsum tímum.

Í vor er leið (1906) tók Guðni bóndi Diðriksson »skálann« ofan, stækkaði tóftina, setti þar stofu, eins og nú tíðkast og gjörði kjallara undir. Hann er nál. 5 ál. breiður og 3 ál. djúpur. Lengd hans fram og inn var ekki mæld, því hún kemur hér ekki til greina að öðru en því, að svo sem 3 ál. frá innra gaffi kjallaragrafarinnar varð fyrir veggjarundirstaða úr stórgrýti yfirum þvera gröfina. Framan við hana var ekki að sjá að moldin hefði nokkurn tíma verið hreyfð. En fyrir innan undirstöðuna varð fyrir gólfskánarbelti yfirum þvera gröfina, svo sem 3 ál. djúpt í jörðu. Langs með innra jaðri gólfskánarbeltisins var rennumynduð þró með öllum innra gaffli grafarinnar yfir um þvert. Hún var nál. 1½ fet á vidd og þar á við á dýpt svo langt sem grafið var austur og vestur. Í botni hennar var hvítt vikurlag — sem þar er alstaðar í jörðu 2—3 ál. undir grassverði. — Veggir þróarinnar voru klæddir innan með helum, sem voru reistar á rönd þannig, að efri rönd hveftrar hellu var bein og slétt og lá jafnlágt gólfskáninni. Hellupak var yfir þrónni allri, nema svo sem 1½ fet í austurendanum. Það var opin hola, afmörkuð með þverhellum. Hún var full af viðarkolamylnu. Annarstaðar var þróin full af ösku undir hellupakinu, og virtist sú aska vera mestmegnis, ef ekki eingöngu móaska. Hellurnar sem þöktu þróna, voru rauðsvartar í gegn af eldhita, og svo sundur-

sprungnar, að þær fóru allar í mola þegar Guðni tók þær upp. Var auðséd að eldur hafði verið kyntur eftir endilöngu hellupakinu yfir þrónni. En hvergi sást op, er askan hefði farið um ofan í þróna. Þó er það ekki að marka, því innri jaðar hellupaksins gekk innundir innri gafl kjallaragrafarinnar, og gátu verið smá-op þeim megin, þó' eigi væri athugað. Og iajög er líklegt, að inni undir gaflinum hafi falizt aunað gólfskánarbelti, á breidd við hitt, og veggjarundirstaða þar fyrir innan. Þá kæmi það út, að þróin og hellupakið yfir henni hefði verið arinn og legið eftir miðju skálagólfinu endilöngu. Lengd skálans verður ekki ákveðin, því á hvoruga hlið var grafið fyrir enda veggjarundirstöðunnar eða gólfskánarbeltisins, þess er í ljós kom. En þróin virtist enda í báðum hornum grafarinnar. Vestasta hellan á hellupakinu var stór og gekk innundir grafarvegginn. Lét Guðni hana vera kyrra; en hann kannaði með jární hvort þróin næði lengra, og varð þá fyrir steinn, er hann hugði vesturgafli þróarinnar. Í austurhorninu var kolaholan, sem fyr getur; en austurfyrir hana var heldur ekki grafið.

Einkennilegt var það, að hellupakið yfir þrónni var neðantil alsett svörtum kleprum, — líklega einskonar sótkleprum, — er líktust að nokkru leyti hálfbrunnum steinkolum, en að nokkru leyti hellulitar-molum eða stálbiki. Þeir muldust hæglega og líktust hrafnntinnu í sárið. Lykt höfðu þeir sótkenda, en daufa mjög. Eigi kviknaði á þeim af eldspýtu. Þarf það skýringar, sem biða verður að sinni, hvernig sót gat myndast *neðan* á hellum þeim, sem eldur var kyntur *ofaná*, — og þetta svo djúpt í jörð, að *undirblástur* sýnist ólíklegur, enda þróin full af ösku, svo loft komst ekki að.

Þá er Guðni var að moka ofan af gólfskáninni, komu upp í uppmokstrinum 2 eða 3 vaðmáls sneplar úr grófgerðu efni en lítt fúnir. Þeir voru rauðleitir (moslitaðir?). Einnig kom þar upp ljóskola af jární. Í henni sáust leifar af kertapípu fram af skaftinu, en sjálf var hún mjög brunnin að framan og hafði verið settur á hana nýr framhluti, festur með hnoðnögglum. Hann var hornóttur en eigi frammjór, sem ljósakolur vanalega voru. Er auðséd, að hann hefir verið hafður fyrir deiglu. Bæði koluna, vaðmálsneplana og sýnishorn af sótkleprunum ætlar Guðni Forngripasafninu. Einnig urðu fyrir 3 brot úr *nó* (til að herða í sláttuljái), er hafði verið höggvinn til úr mósteini og breiðari neðan en að ofan. Endabrotin vöntuðu, hafa vist leynst í moldinni. Vatnsraufin í brotum þessum var eigi dýpri né breiðari en um $1\frac{1}{2}$ þuml.

Eun má geta þess, að rúmri alin ofar en gólfskánin var eða

tæplega 2 álna djúpt í jörðu, varð fyrir partur af helluflór og á honum veggjarundirstaða. Þær leifar hafa verið yngri en hinar og hefir húsinu þá verið *hleypt upp* frá því sem var.

Framantaldar menjar hafa sýnt það og sannað, að *skála*-nafnið á Gýgjarhóli hefir ekki verið neinn seinni tíma tilbúningur, því hér hafa óefað fundist leifar af *eldaskála* og *arni*. Og svo sýnist, sem hér hafi jafnframt verið *smiðja*, þar sem málmur var bræddur, ljáir hertir o. s. frv. Einkum er þó þessi fundur merkilegur að því leyti að hann er þeygjandi vottur þess hve lengi nöfn geta haldist og minnt á uppruna sinn, þó kennimerki séu breytt og gleymd fyrir löngu.

Br. J.

Fornleifar

i Landsveit

Á tveim stöðum í Landsveit hafa menn nýlega tekið eftir fornleifum, er áður höfðu dulizt. Hefi eg nú skoðað þær og vil með fáum orðum geta þeirra.

I.

Þess er getið í Árbók Fornleifafélagsins 1898, bls. 6, að hraun liggur undir jarðvegi í allri Landsveit ofan til Lækjarbotna. Sé vel athugað, má sjá, að fram á þetta meginhraun hefir runnið annað nýrra hraunfióð, sem þó hefir brátt stöðvast og myndað upphækkaðan skjöld ofan á hinu. Eru brúnir þess allglöggvar og liggja fyrir vestan Galtalæk, fyrir ofan Mörk og Eskiholtsbjalla og þaðan inn fyrir Ósgröf. Sú hliðin, frá Eskiholtsbjalla inn að Ósgröf, liggur mót norðvestri. Alt hefir þetta land verið grasi og skógi vaxið á landnámstíð, og hefir það þrátt fyrir tíðar skemdir af Heklu gosum fyrrum, haldist nokkurn vegin við fram að 1882. Þá blés á stuttum tíma burt allan grassvörð af nýrra hrauninu, nema á dálitlum geira að norðvestan verðu. Þó blæs hann meir og meir upp, og er brúnin nú blásin langt inn fyrir Eskiholtsbjalla. Þar í brúninni hefir fyrir skömmu blásið upp *bæjarrúst*. Talsvert grjót er í henni, sem liggur á dreif, og er því óhægt að ákveða undirstöður nema hér og hvar. Enda voru þær nokkuð gengnar úr lagi, því jarðvegur er sendinn og halli nokkur. Þó má sjá, að aðaltóftin, bæjarhúsið, hefir verið hér um bil 12 faðma löng og um 1½ faðm breið og hefir enginn miðgafi verið í henni, svo séð verði. Fleiri tóftir eru þar og allar óglöggvari. Eigi vita menn neitt um nafn þessa bæjar. En geta má þess að láglendið frá brúninni út að Yrjaós (Skarfanesslæk) er kallað *Síðunes*. Mun »nes« nafnið koma af því, að lækur, sem nú er horfinn hefir runnið frá brúninni í Skarfanesslæk. En brúnin sjálf hefir að líkindum verið kölluð *Síða* og á það ekki illa

við landslagið. Þó er það örnefni nú gleymt. Er hugsanlegt að bærinn hafi heitið *Síða*. En um það er ekkert hægt að vita.

II.

Austur við Stóruvallalæk þar sem bærinn *Fellsmáli* var settur, er hann var færður undan sandfoki 1882 (Árb. '98 bls. 3) hét áður *Hólmengi*. Er auðséð á gömlum farvegi, að þar hefir hólmi verið í læknum áður. Í þeim hólma hafa menn nýlega tekið eftir fornum rústum, mjög niður sokknum. Þær skiftast í 2 flokka og er svo sem 20 faðma bil á milli. Í þeim flokknum sem ofar er með læknum, eru 6 tóftir að meðaltali um 7—8 fðm. langar. eru 3 samhliða og snúa austur og vestur, við austurenda þeirra eru tvær er snúa norður og suður, hvor af enda annarar og þó ekki samfastar. Austur af þeim, næst læknum, er ein sem snýr austur og vestur og er hún óglöggust þeirra allra. Í hinum flokknum, neðar með læknum, eru þrjár tóftir samhliða og snúa frá norðaustri til suðvesturs. Sú sem fjærst er læknum, er stytzt um 4 faðmar, miðtóftin um 8 faðmar en sú sem næst er læknum alt að 16 faðmar, og mismunar lengd þeirra til suðvesturs, hinir endarnir virðast jafnir. Í millibílinu milli flokka, nálega jafnnærri þeim báðum, er kringlótt tóft, um 5 faðmar í þvermál og virðist hún dálítið upphækkuð. Eigi er tóftin svo glögg að skil sjáist fyrir dyrum á henni.

Hvaða bygging hefir hér verið? Mér sýnist tvent til *sundurdráttarrétt* eða *þingstaður*. *Sundurdráttarrétt* hefði þó trauðla verið sett út í hólma. Enda bendir skipun tóftanna ekkí á það, og einkum að »*almennig*« vantar, því kringlótt tóftin er of lítil til þess. En hafi hér verið *þingstaður* þá hafa Landmenn einir háð það þing og þá er það að líkindum eldra en *Þingholts-þingstaðurinn* (sjá Árb. '92 bls. 60). Sá þingstaður virðist valinn fyrir Land- og Holtamenn í sameiningu. Gæti hann verið fluttur þangað héðan í því skyni. Og enn fornlegri eru þessar rústir en Þingholtsrústirnar. Eg bendi að eins á þetta.

III.

Rúst *Skarfaness hins forna* er að visu ekkí nýfundin. Þó skal nú líka minnst á hana. Í Árb. '98 bls. 6, er *Skarfaness hins forna* getið, og bent á að þar muni á sínum tíma hafa verið bænahús og kirkjugarður, því þar hefði blásið upp mannabein. Í það sinn fann eg þar þó aðeins 2 hauskúpur og huldi þær. En oft höfðu þar áður blásið upp bein, ávalt samt sundurlaus og óvíst hvernig þau höfðu legið. Þau *gátu* því ef til vildi, verið frá heiðni. Í því skyni

að fá ef unnt væri, frekari vissu um þetta, fór eg þangað nú aftur og séra Ófeigur Vigfússon með mér. Rústirnar eru hjá efstu upp-tökum Skarfanesslækjar, sem í fornöld mun hafa heitið *Engá*, og rennur í Þjórsá um Yrjaós. Þær eru í þremur smáhólum og ör-skamt milli. Á mið-hólnum hefir sjálfur bærinn verið og er rústa-bungan yfirum hann þveran frá austri til vesturs. Sunnanundir henni er hóllinn lítið eitt lægri. Virtist þar votta fyrir stuttri veggjarundirstöðu svo sem 4 föm. frá suðurbrún bungunnar. Hjá henni fundum við hauskúpu, sem eigi var alveg ofanjarðar. Vildum við forvitnast um hvort þar væri meira, og fundum þá leifar af heilli beinagrind er *snéri frá vestri til austurs*. Svo nærri var komið að hún blési upp, að moldarlagið sem hún lá í, var varla $\frac{1}{2}$ al. þykkt. Undir því var 8 þml. þykkt lag af svörtum vikri og þar undir annað af hvítum vikri, vel 12 þuml. þykkt. Undir því var 2 þuml. þykkt moldarlag en svo aftur hvítur vikur. Þetta sáum við í gröf þeirri er við grófum beinin í, ásamt 4 öðrum hauskúpum, sem þar láu í sandinum uppblásnar, og höfðu borist sín í hverja áttina. Yfir gröfina settum við leiði af grjóti.

Það, að beinagrindin snéri frá vestri til austurs, bendir á *kristna greftrun*, enda þótt eitt dæmi *sanni* ekkert. Og í fornöld hefir Skarfaness án efa verið slíkt höfuðból, að engin ólíkindi eru á því að sá er þar bjó í fyrstu kristni, hafi sett kirkju á bæ sínum. En eigi hefir hún staðið langt fram á aldir, þar eð hennar er hvergi getið. Enda gat þar ekki verið um neina kirkjusókn að ræða, heldur aðeins heimiliskirkju.

Hin þykku vikurlög sem hér eru, munu eigi hafa verið *svo þykk* yfir alla jörð, en í skjólinu undir hólnum hefir vindur dregið vikurinn saman í fannir, hverja ofan á aðra. En svo langt er síðan, að á landnámstíð hefir jarðvegur verið gróinn yfir þær. Og þá er kirkjan var þar, hefir hann verið orðinn svo þykkur, að óþarf hefir þótt að grafa dýpra en ofan að vikrinum. Nú er lítið eftir af jarðveginum, helzt undir grjóti. Og nú er sú kvisl lækjarins, sem hjá rústinni rann, svo sandkafin, að hún rennur ekki fram nema í rigningatið og getur ekki lengur veitt hlífð fyrir sandfokinu.

Br. J.

Athugasemdir

við Arbók Fornleifafélagsins 1905.

Eftir

Brynjúlf Jónsson.

Fornleifarannsóknir geta, eigi síður en hvað annað, lengi staðið til bóta. Nýjar athuganir, nýjar bendingar geta þá og þá leitt til nýrra upplýsingar og nýrrar niðurstöðu um eitt og annað. Það er ekki langt síðan 1904, er eg ritaði greinarnar um rannsókn mína í Árnespíngi, sem prentaðar eru í Árb. 1905. Þó hefi eg síðan fengið tilefni til að gjöra athugasemdir við ýms atriði í þeim greinum:

I.

Á bls. 4 er sú tilgáta sett fram, að bærinn *Fljótshólar* kynni fyrst að hafa staðið þar, sem nú heitir Kelavarða á Öldunni vestanhalt fram undan Fljótshólum. En það mun ekki rétt til getið. Því nú hefi eg fengið að vita, að Kelavarða er í Ragnheiðarstaðalandi. Bær virðist samt hafa verið þar, og annar skamt frá honum. Á það benda grjótpústir. En það mun hafa verið afbýli frá Ragnheiðarstöðum, sett við landamæri. Nú hefi eg líka fengið að vita, að til er sögn um eldri Fljótshóla en þá, sem nú heita Fornu-Fljótshólar. Í vesturhalt suður frá Fljótshólum, nær í sömu stefnu, sem Fornu-Fljótshólar eru, en miklu lengra burtu, fram í Öldunni fyrir sunnan vik það, er gengur vestur úr Þjórsá, er sá staður sýndur, sem sögnin segir að Fljótshólar hafi fyrst staðið. Þar heitir nú *Bátsmelur*, en er þó enginn »melur«, heldur grótpúst sem svara mundi bæjarstæði. Mikið byggingargrjót hefir verið dregið þaðan á ís heim að Fljótshólum og er þó talsvert eftir. Fyrst er sagt að grjótpústin hafi verið hulin af stórum blöðku-mel, — því heitir þar *Báts-melur*, — en hann er alveg blásinn burtu. Engir »hólar« sjást þar nú, heldur en annarstaðar á Öldunni. En enginn getur gizkað á, hvaða mishæðir þar kunna að hafa verið hér og hvar, áður en Aldan myndaðist eða náði að hylja þær.

II.

Á bls. 5, þar sem lokið er að ræða um landnám Lofts gamla, hefði ef til vill verið ástæða til að setja fram dálitla tilgátu. Svo stendur á, að hjá bænum *Rútsstöðum*, — sem er í landnámi Lofts, — rennur lækur eigi allitill og þaðan suðaustur í Vörsabæjarlæk. Á nokkrum spöl, suðaustast í Rútsstaðalandi, er þessi lækur kallaður *Þorleifslækur* og þar heitir *Þorleifshóll* hjá læknum. Nær hólnum liggur alfaravegur yfir lækinn og er þar brú á honum, — annars er hann þar ófær. Sú brú heitir *Þorleifsbrú*. Nær hún þvert yfir um dælardrag það, er lækurinn rennur eftir. Yfir þá brú hefi eg oft átt leið, ungur og gamall. Man eg vel, er eg sá hana fyrst, hve tilkomumikil mér þótti hún fram yfir aðrar smábrýr, er eg hafði áður séð. Hún líktist mest hryggmynduðum grasbala. Hún var hér um bil axlarhá um miðjuna og á að gizka 5 ál. breið að neðan, en fláði svo uppeftir, að gatan, sem eftir henni lá, var ekki nógu breið fyrir 2 hesta samsíða. En hún var ávalt góð yfirferðar, beinhörð og bleytulaus þó rigningatið væri og var aldrei að sjá, að hún hefði verið endurbætt eða þyrfti viðgjörðar við.

Þá er farið var að gjöra vegabætur eftir nýjum vegalögum, var *Þorleifsbrú* rifin niður og henni breytt: hún var gjör lág og flöt og svo breið ofan, að hestar gátu mæzt á henni. Yfir vatnsauganu (læknum sjálfum) var gjör timburfleki. Svo voru aðrar brýr, sem þá voru gjörðar. Síðan hefir hún líka þurft stöðugt viðhald, eins og þær, sem ekki er tiltökumál. Fleiri brýr eru nú þar skamt frá á öðrum lækjum, en á sama veginum, líkar henni. Því dettur mér í hug að óttast fyrir, að hún kunni að týna nafni þá er fram líða stundir. Því skal það aftur tekið fram, að *Þorleifslækur* rennur hjá *Rútsstöðum*, er þar bæjarlækur.

Það er *Þorleifs*-nafnið, sem hér vakti eftirtekt mína. Sturlunga getur þess þar, sem hún segir frá Örlygsstaðafundi, að þá er Sunnlendingar, fylgdarmenn Gissurarar, riðu neðan frá Jökulsá, féll maður af baki og hlógu menn að. Þessi maður er nefndur *Þorleifur spaði frá Rútsstöðum*.

Það er nú *tilgátan*, sem eg talaði um að setja fram, að *Þorleifur* spaði kunni að vera sami maðurinn sem sá, er brúna gjörði og örnefnin eru kend við. Hann bjó á *Rútsstöðum*, og brúin er einmitt á *Rútsstaðalæknum*, þó fjær bænum sé nokkuð. Hann virðist eigi hafa verið mikill hermaður eða reidmaður og hefir naumast »átt heima« í þeim flokki, eða því ferðalagi, sem hann var þá í. Menn hlógu að er hann féll af baki. Það bendir ekki á, að þeim hafi þótt mjög undir um hann. En ef viðurnefni hans, *spaði*, þýðir

sama sem *mokstrarreka*, þá er ekki ólíklegt, að það bendi á verkfærið, sem hann var kunnastur fyrir að vinna með: reku-spaðann, moldarrekuna, með öðrum orðum: að hann hafi verið garðlagsmaður, byggingamaður, og þá að líkindum starfsmaður og nytjamaður heima fyrir. Slikur maður var líklegri en þeir, sem í stórræðum vildu standa, til þess að vilja greiða veg ferðamanna og brúa ófæran læk, svo beina leið mætti komast. Og auðséd var á brúnni, að sá sem hana bygði hafði ætlast til, að hún skyldi verða endingargóð.

Mér sýnist tilgátan ekki ólíkleg. En sé hún rétt, þá hefir Þorleifur spaði verið annars maklegri en aðhláturs.

III.

Á bls. 5, þar sem lokið er máli um Rauðárhól, hefði átt að geta þess, að upp frá bænum liggur djúp og mjó laut, líklega uppgróin hraungjá, skáhalt upp í hraunið, og eru í henni straumlaus leirvatnsdrög, sem ekkert afrenslí hafa. Hefir þess verið getið til, að þessi laut kunni fyrrum að hafa verið kölluð Rauða. En ekki er hún líkleg til að hafa borið nafnið *á*. Bæjarnafnið er ekki heldur borið fram í daglegu tali Rauðárhóll, þó svo sé ritað, heldur ávalt Rauðarhóll. Og sé þessi hjáleiga gömul, þá hefir hún að líkindum áður staðið frammar og fjær þessari laut, en verið færð undan sjó eins og flestir aðrir bæir þar strandlengis.

IV.

Á bls. 6 hefi eg lýst undrun minni yfir því, að ekki hækkaði vatnið í Grímsdæl þá er Skipá hætti að renna. En nú er eg þess vís orðinn, hvernig á því var háttur. Áður rann lækur, eigi alllitill, úr Traðarholtsvatni ofan í Grímsdæl. Hann hét Grjótlækur. Því hætti Skipá að renna, að Skipamenn stýfluðu Grjótlæk uppi við vatnið, svo hann er ekki lengur til. Orsökinn var sú, að þá er Grímsdæl tók að grynna af sandi, er í hana barst frá sjónum, þá gat hún ekki lengur tekið á móti öllu því vatni, sem lækurinn bar fram í leysingum. Flæddi það heim að bæ á Skipum og jafnvel inn í hús á stundum. Traðarholtsvatn bætti sér upp afrenslí með því að mynda nýjan læk, sem nefndur er Nýlækur og rennur í Baugstaðavatn. Hinn forni Traðarholtslækur, — sem öðru nafni nefnist Hörpuhólslækur, — gat nefnilega ekki, landslags vegna, bætt við sig öllu því vatni, sem Grjótlækur hafði borið fram.

Ein af hjáleigum Traðarholts heitir Grjótlækur. Sá bær hefir nafn af læknum, því hann rann þar hjá. Mun hann aldrei hafa

staðið nær sjó en hann er og ekki verið færður. Hann er neðstur af öllum Traðarholts-hjáleigum. Bærinn að Skipum stendur nú rétt hjá honum.

V.

Á bls. 8 er það tekið fram, að bæjarnafnið að *Skipum* bendi á hafnarstöð og skipaferð og jafnframt, að nú sýnist það eigi líklegt. En því má bæta við, að þar, sem hann er nú, hefði hann víst aldrei fengið þetta nafn. Hann er ekki svo nærri sjó, að ástæða væri til að kenna hann við *skip*, þó þau væri þar við sjóinn. Það er auðráðið af líkum, að hann hefir, eins og aðrir sjóbæir þar strandlengis, verið færður lengra eða skemmra frá uppruna-stað sínum undan sjónum. Enginn veit nú hvar hann hefir áður verið. Sá staður er annaðhvort hulinn sjó eða sandi. Honum hefir ekki þótt óhætt nær sjó en uppi við Grímsdæl nær Grjótlæk. En eins og venjulegast er, þá er bæir eru fluttir, hefir hann verið látinn halda nafni sínu, þó það ætti þá ekki lengur við. Mætti telja mörg dæmi upp á það og er oftast heppilegra en að nýtt nafn sé upp tekið, sem þó eru líka dæmi til.

En fyrir utan líkurnar get eg nú tilfært bréflaga sögn um það, að bærinn var fluttur. Eftir lát Þorleifs sál. Kolbeinssonar á Háeyri fekk eg að skoða bréfa skræður, sem til voru eftir hann. Þær voru grautfúnar og áttu að brennast. Þar fann eg þó tvö blöð svo læsileg, að eg gat tekið gallalítið afrit af þeim. Á öðru var dómur Þórðar biskups um dagsverk presta. Á hinu var skrá yfir Skipabændur síðan bærinn var fluttur. Hana gat eg þó ekki tilfært þar, sem Skipa er getið í Árb. 1905, því þá er eg ritaði það, gat eg ekki fundið afritið og mundi innihald þess of ógjörla til að minnast á það. Nú hefi eg fundið það aftur og set það hér. Fylli eg sjálfur í eyðurnar.

»Tómas er maður nefndur er bjó vestur á (landi) ógiftur og hélt bústýru og tók til upp(eldis) pilt og stúlku. Pilturinn dó 18 vetra vofei(flega). En Tómasi varð svo mikið um, að hann se(ldi) eigur sínar allar og eirði hvergi þar um sveitir, fór svo sveit úr sveit þar til hann komst að Hrauni í Ölfusi, var þar um tíma, fór þaðan að Skúmsstöðum á Eyrarbakka og var þar lítinn tíma, þaðan að Stóra-Hrauni, giftist þar og dó þar, og átti einn son er Hannes hét. En sá Hannes fór að Skipum í sömu sveit og átti dóttur Ingi-mundar, er *Skipana flutti*, og bjó þar allan sinn búskap. Eftir hann tók jörðina Jón, er átti dóttur Hannesar, og bjó þar sína tíð. Eftir hann tók jörðina hans son Hafliði og bjó þar sinn aldur og varð

75 ára. Eftir hann tók jörðina hans son Guðmundur og var þar allan sinn aldur sem var 79 ár. Og eftir hann tók jörðina Magnús hans sonur og var á henni 66 ár. Og svo Guðmundur Magnússon um 11 ár. Nú er Guðrún Magnúsdóttir (1847)«. Aftan á blaðið hafði Þorleifur skrifað: »Þetta er skrifað eftir gömlum skjölum, sem eg hefi fundið á Skipum«.

Orðin »er Skipana flutti« hér á undan hefi eg (Br. J.) auðkent, því þau eru það, sem þýðingu hafa fyrir það mál, sem hér er um að ræða.

VI.

Á bls. 18—19 eru teknar fram skýringartilraunir á bæjarnafninu Kaldaðarnes, þær er eg hafði heyrt. Nú hefir dr. Björn M. Ólsen sýnt mér þá vinsemd, að skrifa mér um það mál o. fl. Leiðir hann nafnið af *ferjukallan* (*Kallaðarnes*) og bendir á frásögn Flóamanna sögu um ferju nær Kaldaðarnesi. Eg skal játa, að mér hafði eigi hugkvæmst samband þar á milli, og ekki man eg eftir, að eg hafi heyrt þessa skýringu áður. En eftir rækilega umhugsun sé eg, að þetta getur verið langlíklegasta skýringin. Til þess þarf samt: að hugsa sér ferjustaðinn nokkuð utarlega við nesið mikla, sem þá hefir verið milli árinna og Fyllarlækjar, og að hugsa sér ferjuna komna á þegar á landnámstið, áður en nesinu hafði verið gefið ákveðið nafn. Þá gat ferjukallan verið tíðkuð á einhverjum vissum stað svo utarlega í nesinu, að allur framhluti þess yrði kendur við hana. Svo gat farið með það eins og Langanes undir Eyjafjöllum, að örnefnið yrði látið ná svo langt uppeftir, frá hinu eiginlega *nesi*, kennileitalaust var og engin önnur örnefni tóku við. Með þessu móti hefði þetta ekki þurft að taka langan tíma. Bærinn gat verið settur í »Kallanarnesið« þegar á landnámstið og þó verið settur þar sem hann er. Og það getur varla verið vafamál, að þegar á landnámstið hefir hann verið byggður. Svo gott og víðáttumikið land gat ekki staðið lengi óbyggt. En áður en honum var gefið nafnið, urðu skilyrðin fyrir nafninu að vera komin. Og eg get ekki betur séð, en að með þessu móti — og þessu einu móti — verði þau greið og eðlileg.

En frá hvaða bæ var þá ferjað? Bæjarnafnið *Kirkjuferja* sýnir, að þar hefir verið ferjustaður eftir kristni og gat verið áður líka. Sá ferjustaður hefir verið skamt *upp* frá Kaldaðarnesi. Í *Arnarbæli* gat líka verið ferjustaður, skamt *ofan* frá Kaldaðarnesi. Á báðum stöðunum hefði orðið að *kalla* ferju sunnanmegin. En óskiljanlegt er að alt hið mikla nes milli Ölfusár og Fyllarlækjar hefði fengið nafn

af ferjukallan á þessum stöðum, hvorum sem er, því þeir eru fyrir ofan hið náttúrlega *nes*. Kallanarnesið hefði þá orðið að vera smánes eða oddi, sem gengið hefði út í ána sunnanmegin á öðrum hvorum þessum stað. Og þá er ekki vel skiljanlegt, að örnefnið hefði breytt sig út yfir vítt svæði og allrasízt á stuttum tíma. Það gat varla þótt svo tilkomumikið, að stórbylí yrði jafnskjótt látið taka nafn eftir því, og þó spölkorn frá því sjálfu. Af þessum ástæðum sýnist mér hvorugur þessara staða geta talist líklegur.

En það má hugsa sér þriðja ferjustaðinn. Það segir sig nokkurn veginn sjálft, að meðan áin var mjó og lá út við hraunjaðarinn fram frá *Hrauni í Ölfusi*, þá hefir verið ferjað þaðan. Hefir þar að öllum líkindum verið mikil umferð og það strax á landnáms-tíð. Þar var þá hinum megin árinna nesið mikla: þar urðu þeir, sem austanað komu og útyfir vildu, að *kalla* ferjuna, og svo gat alt lagt sig sjálft, eins og að framan er gjört ráð fyrir. Að visu hefir þessi ferjustaður verið mun fjær bænum Kaldaðarnesi en hinir tveir. Þó hefir Kaldaðarnesland náð þangað, og þar eru skilyrðin, sem að framan eru tekin fram, svo miklu betur fyrir hendi, að í mínum augum riður það baggamuninn.

Það, sem hingað til hefir verið sagt, er einkum bygt á þeim líkum, sem landslag og afstaða gefa bendingar um. En hvaða bendingu gefur nú Flóamannasaga? Á hverjum ferjustaðnum vænti Þorgils Skafta yfir ána? Frá Traðarholti reið hann fyrst að Flóagafli. Svo sunnarlega hefði hann varla farið, ef ferjustaðurinn var hjá Arnarbæli, en því síður ef hann var hjá Kirkjuferju. En það var beint í áttina að Hrauni. Það lá líka beint við, að Skafti færi þar yfirum, ef unt var. Svo hafa þeir Þorgils haldið áfram frá Flóagafli út að áni, því á árbakkanum sá Skafti hesta þeirra. Það var »nær Kallaðarnesi«. Með öðrum orðum: í Kallaðarneslandi. Hér sé eg ekki að neitt reki sig á. Þetta verður því líklegasta tilgátan, að öllu samanbornu.

Sé nú með þessu móti fundin rétt skýring á bæjarnafninu Kallaðarnes (»Kaldaðarnes«), þá er það dr. Birni M. Ólsen að þakka.

VII.

Á bls. 20 er þess getið til, að Kvistlingar, sem Landnáma nefnir, muni vera = Kistlingar, kendir við Kambakistu. En þetta er vangá, sem leiðréttta ber. Kvistlingar voru afkomendur Kolgríms gamla: þeir voru Borgfirðingar en ekki Árnesingar.

VIII.

Á bls. 20 get eg þess, að jafnan hafi Hróarsholt verið álitid landnámsjörð. Er þar átt við almenningsálitid um þær slóðir. Rit um það efni eru ekki til. Sjálfur hefi eg verið sömu skoðunar, einkum af þeirri ástæðu, að landid er, og hefir víst alt af verið, betra en nágrannalöndin. Það þyrfti *sérstaka ástæðu* til að geta hugsað sér, að sá, sem slíkt land hefði numid, hefði annaðhvort látid það standa óbyggt, eða eftirlátid öðrum að búa á því. Nú ætlar dr. Björn M. Ólsen, að Önundur bildur hafi numid alt land norðvestur til Hróarslækjar og gefid læknum nafn eftir nafni föður síns. Þetta er sennilegt, og þó allra sennilegast ef gjört er ráð fyrir, að Önundur hafi komid út með föður sinn gamlan, en viljað að hann héldi sjálfstæði til æfiloka og í því skyni gjört honum bæ norður við lækinn. Þá er fundin hin *sérstaka ástæða* til þess, að sá, er nam þetta góða land, eftirlét öðrum ábúð á því: að það var faðir hans sem hlut átti að máli. En þar eð ekki verður gjört ráð fyrir, að Hróarr hafi lifað Önund, þá mætti ef til vill spyrja: Hvers vegna færði Önundur ekki bú sitt norður að Hróarslæk eftir lát föður síns? Til þess gat margt borið, sem ekki er unt að gizka á. Sé það rétt til getid, að Kambakista hafi verið þar, sem nú er Kambur í Hróarsholtshverfi, — og þar (eða þar í hverfinu) vísar landslag á hana, en hvergi annarsstaðar þar sem eg þekki til, — þá liggur nærri að geta til, að afkomendur Oddgeirs hafi komist að landinu með mægðum við Önund. Vér vitum lítid um börn Önundar. Landnáma gefur í skyn, að hann hafi kynsæll verið; en hún telur ekki börn hans, nema hvað tveir synir hans, Eilifur og Sigmundur, koma við sögunna eftir fall hans og virðast þá hafa verið heldur ungir. En það er ekki til neins að leiða getur um þetta. Hvort bærinn, sem merki sjást til norður við lækinn, hefir heitid Hróarslækur eða eitthvað annað, *veit* auðvitað *enginn*. Tilgátur mínar um þann bæ og um Kambakistu verða hvorki líklegri né ólíklegri við það, sem hér að framan er sagt. Tilgátur hygg eg hvervetna leyfilegar, ef líkur eru að einhverju leyti meiri með þeim en móti. En kannast verður við það, að þær eru ekki annað en tilgátur. Og það er óviljandi, hafi eg vikið frá þeirri reglu, þó mörgum hafi eg kastað fram tilgátunum. Því fullyrði eg ekkert hér að framan.

IX.

Á bls. 26 hefi eg gengid að því visu, að bæjarnafnid *Vælugerði* sé myndað af viðurnefni Arnar. Og það hefir alment verið gengid

að því visu, aðra skýringu á þessu bæjarnafni hafa menn ekki getað hugsað sér. En nú hefir dr. Björn M. Ólsen skýrt mér frá því, að í Norvegi séu mörg staðanöfn myndað af orðinu *váll*, sem er »rjóður í skógi myndað við bruna« og »þar sem stofnar standa eftir af brendum skógi«, og þar af sé myndað í smækkaðri merkingu orðið »væla«, sem er *litið brunarjóður*. Og þar eð Vælugerðismýri var skógland fyrrum, þá hyggur hann, að bæjarnafnið sé myndað af slíku brendu smárjóðri. Þessa skýringu fellst eg á. Þó það hafi að líkindum ekki tíðkast hér á landi að ryðja skóg með bruna, — þess þurfti ekki, — þá gat það þó komið fyrir af atvikum, t. a. m. af eldi úr kolagröf, eins og sagt er frá um Ölkofra. Það er því fremur ástæða til að taka upp þessa skýringu, sem mjög er hæpið að halda sér við viðurnefni Arnar. Það er ekki að finna í fornritunum og eg hefi ekki séð það nema í einu handriti Flóamannasögu, heldur nýlegu, en raunar með fornlegri stafsetningu. Mundi eg hafa lagt minni áherzlu á viðurnefnið, ef eg hefði fyr þekt orðið »væla«, og er mér nú einna næst skapi að hafa »endaskifti á efninu« og hugsa mér viðurnefnið myndað af bæjarnafninu fyrir eða síðar á tímum. Er eg dr. Birni M. Ólsen mjög þakklátur fyrir þessa leiðbeiningu, eins og margar fleiri.

X.

Á bls. 28 hefi eg tekið það fram, að bæjarnafnið *Kaldárholt* bendi á, að þeim megin hefði Þjórsá í fyrstu verið kölluð *Kaldá*. En nú hefi eg séð í Fornbréfasafni II. 87, að í Oddamáldaga er sá bær nefndur *Kallaðarholt* (= *Kallanarh.*). Og sé það rétt, er málið fallið. En nokkur ólíkindi eru á því, að það sé rétt. Orðið »kallan« í bæjarnafninu á vísit að tákna *ferjukallan*. Og ekki er ómögulegt, að hæfur ferjustaður hafi fyrrum verið á ánni hjá Kaldárholti; hún gat þá runnið í einu lagi fram með túninu, þó nú sé hún í mörgum kvíslum. En sé staður kendur við *ferjukallan*, þá er það af því, að menn standa þar, er þeir kalla ferju. Ferjubærinn verður þá að vera hinum megin við ána og ekki oflangt frá henni. En á öllu svæðinu móts við Kaldárholtisland eru bæirnir vestanmegin svo langt frá ánni, og hafa altaf verið, að eigi er ætlandi, að ferjað hafi verið frá neinum þeirra. Kaldárholt sjálft hefði orðið að vera ferjubærinn, og þá þurfti ekki að kalla ferju þeim megin, heldur hinum megin. Annars eru bæjanöfn í máldaganum eigi höfð réttari en svo, að naumast er fjarstæða að efast um áreiðanleik þessa bæjarnafns, þar eð líkurnar eru á móti því.

XI.

Á bls. 36 hefi eg kastað fram þeirri tilgátu, að hinn týndi landnámsbær, Måsstaðir, kunni að hafa verið þar, sem nú heitir Hruna-krókur, því þar er fagur dalur, og þar hefir á sínum tíma verið mikil jarðrækt, sem bendir á stórbýli. Samt er eg nú horfinn frá þessari tilgátu, þar eð mér hefir verið bent á annan stað, sem mér virðist enn líklegri. Það gjörði Guðmundur bóndi Jónsson í Hörgholti. Er staðurinn í Hörgholtslandi og eigi lengra frá bænum en svo, að til skamms tíma hefir þar verið stekkur. Þar heitir Árfell. Suðvestan á því var stekkurinn og stór og fagur túnblettur í kring, en uppblástur fyrir innan, norðvestan í fjallinu. Hann færðist óðum suðurávið, og tók loks af efri hluta túnblettisins. Þá tók leysingavatn við og gróf jarðfall mikið niður í gegnum túnið. Hefir það brotið jarðveginn, svo að norðanmegin þess er hann nú horfinn að mestu leyti. Í jarðfallinu kom í ljós bæjarrúst, sem allmikið grjót var í. En því miður var mestur hluti þess þegar tekinn og notaður til stekkjargjörðar. Guðmundur var þá ungar. Þá er hann komst upp, verndaði hann þær litlu leifar, sem eftir voru. Þær eru að vísu litlár, þó sér að nokkru fyrir endagöflum og veggja-undirstöðu stúfum við þá, — miðjan öll er burttekin. Nokkuð má ráða í stærð rústarinnar. Er að sjá sem það hafi verið tvær tóftir samhliða, hér um bil jafnlangar og jafnviðar — líkt og á Eiriksstöðum í Haukadalsdal. Hefir lengdin verið nál. 10 fðm. og breiddin beggja tóftanna til samans nær 4 fðm. Með vissu sést það ekki. Fáum föðmum vestar hefir líka komið í ljós byggingargrjót og er nú á dreif. Á suðausturjaðri túnblettisins sér fyrir túngarðsspotta mjög fornlegum. Að öðru leyti er allur túnbletturinn, sem eftir er, sléttaður af sandfoki. Skamt inn með brekkunni er uppsprettulind með einkargóðu vatni. Hún virðist hafa verið hlaðin innan, þó nú sé úr lagi gengið. Mun það hafa verið vatnsból bæjarins. Það er auðséð, að hér hefir verið stórbýli. Og einkum bendir það á landnámsbygð, að hörgurinn, helgistaðurinn, hefir verið þar svo nærri. Líklega hefir hörgurinn staðið þar, sem nú er bærinn í Hörgholti (sbr. Árb. 1900, bls. 29). En bær hefir þá fyrst verið settur þar eftir kristni.

XII.

Á bls. 48 hefi eg getið þess, að Skálholtsmannavegur sjáist ógjörla sunnan í Dráttarhlíð. Nú hefi eg kynt mér hvernig á því er háttur. Aðalferjustaðurinn var yfir um vatnsvikið fyrir ofan Sogið. Og þar var, austanmegin, geymsluhús, miklu stærra en hitt, sem að sunnanverðu var. Sér enn fyrir tóftinni nokkuð svo. Og

upp frá vatnsvikinu að sunnan sér enn mikla, forna götutroðninga, er liggja upp á Dráttarhlíðina og svo vestur eftir henni. Sér til þeirra þar, sem óblásið er. Nokkuð af þeim liggur ofan af hlíðinni að sunnan, en sumt vestur af, og er hvorug leiðin góð eða hæg. Hafa menn vist farið þá til skiftis eftir atvikum. Ferjustaðina hafa þeir líka notað eftir atvikum. Hinn syðra þó einkum í norðanstormum og þá er farið var yfir um með hesta.

XIII.

Á bls. 49 hefi eg getið til, að Vatnsleysa í Biskupstungum hefði ef til vill fengið nafn af því, að munkarnir í Munkagerði hefði á stundum neitað sér um vatn. En nú hefir dr. B. M. Ólsen sagt mér, að slíks séu engin dæmi í katólskri kristni. Um leið benti hann mér á, að endingin *-leysa* þyrfti ekki endilega að tákna *skort* eða það, að *vera án* e-s. Það gæti verið myndað af sænsku orði: *lös*, sem þýðir *graslendi* eða *haga*. En ef svo er, þá sé eg ekki betur, en að fyrri hluti nafnsins »*Vatns-*« hljóti að vera afbökun úr einhverju öðru. Vist mætti kenna bæinn við *haga*, en varla kalla hann *Vatnshaga*, því þar má ekki votlent kalla og ekki er stöðuvatn nærri, að eins smátjarnir langt frá bænum og sjást eigi þaðan. Aðrir bæir eru þar nálægt, sem fremur mætti kenna við *vatn*. Nú eru hér á landi 4 bæir, sem heita »*Vatnsleysa*«. Um einn þeirra, Vatnsleysu á Vatnsleysuströnd, er naumast vafi. Þar er vatnslaust nema í fjöru og hefir bærinn nafn af því. Tveir eru nyrðra, og munu þeir báðir geta haft nafn af »lös« = *haga*. En sé ekkert *vatn* til að kenna bæinn við, — og ekki heldur *vatnsskortur*, — þá liggur næst að geta til, að »*vatus*«, sem er borið fram *vass*, sé raunar komið í staðinn fyrir annað orð, sem líka er borið fram *vass*. Ekki man eg þó eftir neinu slíku orði, sem mér sýnist geta átt við Vatnsleysu í Biskupstungum. Um hina get eg ekki borið. Að svo stöddu vil eg því ekki slá fram neinni tilgátu um það.

Fornleifafundur.

Eftir

Brynjúlf Jónsson

I. Fornleifafundur í Galtafelli 1907.

Í vor 1907, byggði Jakob bóndi Jónsson nýtt íbúðarhús í Galtafelli við hliðina á hlöðunni sem byggð var þar vorið 1904 og sagt er frá í Árb. 1906, bls. 31—2. Kjallari var gjör undir íhúðarhúsinu, og er grafið var fyrir honum fundust byggingaleifar, sem auðsjáanlega voru framhald hinna, sem fundust 1904 er grafið var fyrir hlöðunni. Eigi náði kjallaragröfin að visu saman við hlöðuna, þar var skilin eftir moldarbrik á milli. Þá er grafið hafði verið nær 2 áln. niður, varð fyrir austan megin í gröfinni 1—1¼ al. þykkt lag af fjósamykju. Efst var hún blandin smágrjóti sem helzt leit út fyrir að hafa mulist ofan í hana. En þá er lengra kom niður í hana, var hún hrein og sumstaðar nokkuð blaut, einkum norðan til Eigi náði hún að moldarbrikinni, en þar innst í horninu varð fyrir dálítil hrúga af viðarkolum. Undir mykjulaginu var moldarlag rúml. ¼ al. þykkt, en undir því var alstaðar hörð gólfskán öskublandin. Framan við gólfskánina og mykjuna voru leifar af grjótvegg. Dálítið var grafið framfyrir hann, því hann lá nokkru innar enn nú er bæjarröndin. En þar var alstaðar óhreifð mold fyrir og ekkert annað. Veggurinn lá eftir endilangri kjallaragröfinni og hvarf að norðvestanverðu í moldarbrikina, sem eftir var skilin. Eftir stefnunni hlaut hann að vera framhald veggjarundirstöðu þeirrar, sem fannst þá er fyrir hlöðunni var grafið. Hér var hann 3 lög á hæð tvíhlaðinn úr vel völdum stuðlabergs steinum, er snéru endunum inn í vegginn. Hlið eða dyr voru á veggnum nær suðausturenda kjallarans. Hinum megin þeirra sást veggurinn aftur, en þá var ekki grafið lengra í þá átt. Fram um dyrnar lá ræsi eða renna, rúml. 1 fet á dýpt en lítið yfir ½ fet á vidd. Hún var svo vel hlaðin, að hún hafði ekkert haggast nema að burtu voru hellur þær

sem hún hefir án efa verið lokuð með í fyrstu. Í rennuni var gráhvít leðja og höfðu steinarnir litast af henni. Auðsjáanlega hafði grjótveggurinn verið framveggur mikils húss. Lengd þess frá norð-vestri til suðausturs hefir verið meiri en breidd hlöðunnar, þykkt moldarbrikurinnar og lengd kjallarans til samans. Bakveggur þessa húss kom ekki í ljós, svo langt inneftir var ekki grafið.

Gólfskánin bendir til þess, að hús þetta hafi í fyrstunni verið íbúðarhús. Seinna hefir því verið hleypt upp og mold færð í tóftina. Þá er að sjá sem íbúðarhúsið hafi verið sett annarstaðar, en tóft þessa húss, eða nokkuð af henni verið haft fyrir haugstæði. Hið einkennilegasta er grjótmalar blendingurinn í yfirborði mykjunnar. Hann sýnist að hafa orðið til í jarðskjálfta, þannig að efsti hluti hárra grjótveggja hafi hrunið yfir mykjuna og hafi það grjót verið smátt. Því ekki mun mega geta þess til að haugurinn hafi verið í húsi með þunnu hellupaki, er hafi molast í jarðskjálftanum. Til þess þætti mér mestar líkur ef gjöra mætti ráð fyrir, að hugmyndin um hús fyrir áburð hafi þá verið þekkt. Líklega hefir grjótíð í mykjinni valdið því, að hún var eigi notuð eftir að bærinn var byggður upp aftur. Enda hefir honum þá aftur verið hleyft upp, mestalt grjótíð úr veggnum verið fært burt og notað annarsstaðar, svo og hellurnar ofan af rennuni. Hin gráhvíta leðja bendir til að rennan hafi legið frá búi í fyrstu. Það hefir þó verið innar en nú var grafið. Jakob bóndi hefir skýrt mér frá þessu.

II. Fornleifafundur í Háholti (í Gnúpverjahreppi).

Matthias bóndi Jónsson í Háholti í Gnúpverjahreppi (í Vesturbænum) bygði heyllöðu í vor (1907) vestast í bæjarröndinni. Þar var fjós áður, er nú var fært til hliðar. Þá er grafið var fyrir hlöðunni og komið var svo sem 1 al. niður frá fjósflórnum, urðu fyrir leifar af öðrum fjósflór, og þá svo sem $\frac{1}{2}$ al. neðar leifar af hinum þriðja. Svo hafði fjósinu, og án efa öllum bænum, verið hleypt upp hvað eftir annað, en stærstu og þyngstu flórhellurnar í hvort sinn verið skyldar eftir. Hefir þótt óþarfi að stritast við þær, því í Háholti er nóg og gott hellutak. Svo sem 2 áln. undir neðsta flórnum varð fyrir einkar einkennileg tóft, 6 áln. löng og 4. áln. víð. Snéri gaf hennar fram í bæjarröndina, en hún horfir mót suðri. Tóft þessi var eingöngu gjör af hellum, er reistar voru á rönd hver

við aðra svo haglega, að þær mynduðu samfelda vegg. Þær voru næstum jafnstórar — auðvitað ekki *alveg* jafnar. — Hæð þeirra var um $2\frac{1}{2}$ — $2\frac{3}{4}$ al., breidd litlu minni og þykkt nál. 3 þuml. Þær stóðu fastar og óhaggaðar. Alstaðar utan að þeim lá óhreifið mold; sást í henni svart vikurlag, sem þar sést víðast í jarðvegi. Innan í tóftinni sást það ekki. Í þremur hornum tóftarinnar voru hlóð niður við gólf og viðaraska í. Við hliðina á hverjum hlóðum, til hægri handar er við þau var staðið, var kolapró af uppreistum hellum og viðarkol í. Í norðvestur horninu voru engin hlóð eða neitt annað. Á austurveggnum er að bænum vissi voru dyr, eða þar vantaði eina hellu í röðina, en innan við þær tvær hellurnar, sem næstar voru sin hvoru megin, stóðu drangasteinar fast niður settir og nálega jafn háir hellunum. Innan við þá stóð upp laus hella, sem hún skyldi vera hurð. Hún var 3 áln. há, $1\frac{1}{2}$ al. breið og 3 þuml. þykk. Mest alt gólf tóftarinnar var alsett *smáholum*, svo sem 8—10 þuml. djúpum og $1\frac{1}{2}$ þml. víðum. Í sumum þeirra var fúaspíta, en sumar voru tómar. Engar leifar af spítum sáust í moldinni fyrir utan. Mun stöfum þeim, er í holunum hafa staðið, hafa verið kippt burt er tóftin var fyllt, en sumir þeirra verið svo fastir, að þeir hafa þá brotnað niður við gólfid. Svo voru holurnar þéttar, að hvergi var fet milli þeirra, en ekki var millibilið alstaðar jafnt. Eigi voru þær taldar en ærið voru þær margar. Hvergi náðu þær út að veggjum, var þar alstaðar riflegt gangrúm á milli. Og nær $\frac{1}{4}$ af gólfinu við suðurendann var holulaus. Þar hjá suðaustur hlóðunum var helmingur af *steinkeri* úr grófum, ljósgráum sandsteini. Það virtist hafa verið ílangt og brotnað eftir endilöngu. Sá hlutinn sem fanst var 16 þuml. langur innan barma. En útlit fyrir, að hinn hlutinn hefði verið heldur stærri. Af honum fanst ekkert. Þessi hlutinn var brotinn og í þrem pörtum. Verða þeir geymdir að sinni, ef Forngripasafnið kynni að vilja fá þá. Ekki sást að veggirnir hefðu verið hærri en hæð hellanna. En það er ekki að marka. Þó ofan á þær hefði verið byggt, má gjöra ráð fyrir, að sú hækkun hafi öll verið tekin burtu, þá er tóftin var fyllt og öllu hleyft upp og jafnað yfir áður ofan á var byggt að nýju.

Ekkert sýnist mér fullyrðandi um það, til hvers þetta hús hefir verið haft. Helzt hefir mér dottið í hug, að það kunni að hafa verið þvotta- og þurkunarhús. Steinkerið hafi verið þvottaker, og stafirnir sem í holunum hafa staðið, hafi verið hafðir til að þurka þvottinn á, hann hafi þornað við hitann frá hlóðunum, en þar sem holulaust var, á suðurenda gólfsins, hafi verið unnið að þvottinum.

En eigi geta sögur vorar um slík hús, og vil eg skjóta þessu máli til mér færari manna.

Bæði Matthías bóndi og sambýlismaður hans, Þorsteinn bóndi Bjarnason (í Austurbænum) hafa skýrt mér frá þessu. Þeir eru báðir vel greindir menn og veittu öllu nákvæma eftirtekt.

III. og IV. Fornleifaf. á Miðhúsum og Þrándarholti.

Bæði á Miðhúsum og Þrándarholti í Gnúpverjahreppi voru í vor (1907) bygðar heyhlöður og grafnar djúpt niður. Fornleifar, sem þar urðu fyrir, voru raunar ekki sérlega einkennilegar. En þó þykir réttara að geta þeirra.

Á *Miðhúsum* varð fyrir, svo sem 2 áln. undir jafnsléttu, tóftarhluti með harðtroðinni gólfskán öskublandinni. Ekki sáust hlöð. En þau gátu verið í þeim parti tóftarinnar, sem ekki var grafiun upp. Í gólfinu fanst kúlumynduð leirkrukka með leifum af stétt og stút, er hvortveggja var að nokkru leyti afbrotið. Krukkan er ætluð Forngripasafninu.

Í *Þrándarholti* hefir lengi verið tvíbyli. Í sundinu milli bæjanna hefir ekkert hús verið í minni manna. Nú var þar grafið fyrir hlöðu. Urðu þá fyrir miklar byggingar. Vel 2 áln. háir veggir stóðu óhaggaðir. Virtust það vera bæjardyr og við hlið þeirra stór tóft með harðri gólfskán (? baðstofa). Eigi var sú tóft öll grafin út og verður stærð hennar ekki ákveðin. Út úr bæjardyraveggjunum voru dálítill skot, sitt hvoru megin, ef til vill ætluð til að geyma í vatnsfötur og önnur áhöld. Lokræsi gekk fram úr bæjardyrnum og var afarstór hella yfir opi þess. Gott hleðslugrjót og hellutak er á báðum þessum bæjum. Í moldinni, sem upp kom, fundust 3 steinsnúðar, dálítið misstórir og sinn úr hverri steintegund. Eigi var athugað *hvar* úr rústinni þeir komu. En eigi voru þeir saman í moldinni. Þeir munu verða færðir Forngripasafninu.

Viðaukar.

1. Við hlöðugróft í *Reykjadal* í *Hrunamannahreppi* fanst *sivalningur úr járn*, lítið yfir $\frac{1}{4}$ al, að lengd, en nál. $1\frac{1}{2}$ þuml. í þvermál, Hann var mjög uppbarinn í báða enda. Hefir hann vist verið á

einhvern hátt notaður við smíði. Einar bóndi Jónsson í Reykjadal vill fúslega láta Forngripasafnið fá hann.

2. Þorsteinn bóndi Jónsson á Drumboddsstöðum gróf enn fyrir hlöðu. Þá fann hann dálitla *jármplötu* með uppbyggðum endum, líkt og á rekuvari, því líkast sem þetta ætti að festast neðan á dálitinn tréspáða og vera *var* á honum. Það *var* hefir þó verið óvenjulega breytt. Þorsteinn bóndi ætlar það safninu.

3. Í Hraunsási í Hálsasveit var í fyrra (1906) sléttuð brekka í túninu fyrir ofan bæinn. Í þúfu einni varð fyrir stór steinn og við aðra hlið hans hlaðin þró af smásteinum og hella lögð yfir. Þróin var full af *sauðkindavölum*. Eigi voru þær rotnari en svo, að vel sást, að þær voru flestar eða allar úr fullorðnu fé. Klaki var í jörðu, og grófu flnndur eigi nema niður að honum. Varð því eftir nokkuð af þrónni og þar úr voru völnar eigi teknar. Vissu þeir því ógjörla hve mikið var af völnum, en gízkað á að í hið uinsta hefðu þær verið fult skeffumál. Ekki voru þær hirtar og urðu í moldinni. Óvíst er hvernig á þessu völusafni hefir staðið. Heila búskapartíð og hana eigi stutta hefir þurft til að safna svo miklu af völlum á eigi stærri jörð en Hraunsás er. Þetta er því naumast eftir börn. Líklegra er að húsráðendur hafi haft einhverja trú á völnum og því safnað þeim árlega í langan tíma á þennan afvikna stað.

Gamall legsteinn

á Bessastöðum á Álftanesi.

Rannsakadur 6. VIII. 1903.

Guðrún Thorkjellsdóttur.

Á hinu forna höfðingjasetri og kirkjustað, Bessastöðum á Álftanesi, mætti ætla að væru margir legsteinar merkra manna, en það er öðru nær en svo sé. Í kirkjugarðinum sést ekki einn einasti gamall legsteinn; sá elzti er frá byrjun 19. aldar, minnir mig. Innan kirkju munu nokkrir merkismenn grafnir og mátti sjá að minsta kosti 1 legstein undir kórgólfinu áður en hið nýja gólf var lagt í kórinn þá er gert var að kirkjunni fyrir nokkrum árum¹⁾. Svo sem mörgum er kunnugt, er hér auk þess stór og merkilegur legsteinn yfir Páli Stígssyni höfuðsmanni († 1566). Hann er greypur inn í múrvegginn að norðanverðu í kórnum; mun það hafa verið gjört árið 1817 eða skömmu síðar eftir fyrirskipun rentukammersins og líklega að undirlagi fornmenjanefndarinnar dönsku²⁾. Það legsteinn þessi er auðsjáanlega útlendur að smíði og hvorki með íslenzkri áletran né heldur yfir íslenzkan mann settur, skal honum eigi lýst hér frekar að þessu sinni, enda er það varla hægt nema með nákvæmri teikningu af honum.

Uppi í turninum er gamall íslenzkur legsteinn; er hann múraður fastur í gluggakistu einni. Eigi er steinn þessi heill, heldur mun þetta vera aðeins efri parturinn og líklega ekki mikið meira en hálfur steinninn. Neðri partur steinsins sést nú hvergi, en mun að líkindum vera einhvers staðar í veggjum turnsins eða kirkjunnar.

1) Í Isl. Beskr. I, 26 stendur: „I Bessestadkirke findes flere ligstene“.

2) Sjá „Rentekammers-Skrivelse til Stiftamtmand Castenschjold og Biskop Vidalin“ um þetta frá 19. april 1817 í Lovs. for Isl. VII. — Samanber þó ennfr. Ísl. árt. bls. 201. Þar er upphaf áletraninnar og er þar skakt prentað Stigotti fyrir *Stigotius*.

Efni steinbrots þessa er grágrýti (dolerit). — Lengd þess er 75 sm., breidd 59 og þykt 13 sm. Hæð stafanna 5—6 sm. — Áletranin er í 9 línunum svo sem hér er prentað. Fyrir ofan letrið eru skrautdrættir nokkrir, en fyrir ofan þá og beggja megin við letrið eru 2 strik. — Til þess að aðgreina orðin eru tvídeplar (:) á milli þeirra, nema á eftir orðunum KVINNA (í 3. l.) og STRID (í 8. l.), en bæði þessi orð standa í enda línu og var því tvídepilsins síður þörf; aftur á móti er tvídepill við enda 5. l. þar sem þó stendur eins á. — Stafirnir eru venjulegir latínuletturuppstafir, svipaðir þeim að gerð, sem hér eru prentaðir. Í orðinu THOR í enda 4. l. er T og H dregið saman, en þetta merki, þessir samandregnu stafir, tákna auðvitað *þ*-hljóðið. — Þetta má þó ekki telja sönnun fyrir því, að útlendur maður hafi höggvið letrið á steininn. — Í -DOTTVR (í 5. l.) og SITT (í 8. l.) eru tvö T dregin saman. Hljóðtáknun og merking stafanna, rithátturinn, er eins á þessum steini og á legsteinunum í Görðum (sbr. Árb. 1904 og 1906), enda er og öll gerðin á þessum steini lík og á þeim steinum. — I fyrir Y í DIGDVG (2. l.) og IFIR (6. l.).

HIER:HVILER:GG
 D:DIGDVG:OG:D
 ANDIS:KVINNA
 GVDRVN:THOR
 KIELLSDOTTVR:
 HVOR:AD:IFIR
 VANN:OG:EN
 DADI:SITT:STRID
 UD:SIGRI:LTR

Tveir öftustu stafirnir í 1. l. og 5. (D), 8. og 9. (OG) stafurinn í 2. l. eru svo afmáðir, að þeir eru lítt læsilegir. Í 9. l. vantar fremsta stafinn alveg og neðri hlutann af 2. og 3. staf; ennfremur neðri depilinn í fremsta tvídeplinum. Þetta er alt brotið af. Þó er bersýnilegt að fyrsta orðið í 9. l. hefir verið MED (*með*). — DANDIS (2.—3. l.) er aukamynd af *dáandi*, sem kemur fyrir í fornu máli og í öllum hinum norrænu málunum að fornu og nýju, nú í samsetn. *danne*-, — og sömuleiðis aukamyndin *dandes* og *dannis*. Orðið er upprunalega (máskæ fyrst í dönsku og sænsku) samandregin mynd af lýsingarorðinu *dugandi(s)*, sem haft er í sömu merkingu og er eiginlega nút. hlutto. af s. *duga*. — -DOTTVR nefnif. í eint. fyrir *dotter*, sbr. Garðasteininn nr. 6 (Árb. '06, bls. 43). — AD á eftir *hvor* er hér eins og iðulega í fornu og nýju máli samtengingarorðið

að (at), haft sem tilvísunarfornafn. — TR í 9. l. aftast eru að líkindum fyrstu stafirnir af orðinu *trú(nni)* og hefir þá máské komið á eftir: *á Iesum Christum*. Viðv. þessum síðustu setningum sbr. Garðast. nr. 2 (Árb. '04, bls. 40).

Þessi áletran hljóðar þá þannig:

Hjer hvíler góð, digðug og dándis kvinna, Guðrún Thorkjellsdóttur, hver að ífirvann og endaði sitt stríð (m)eð sigri í tr(únni?)

Ártal er ekkert á steinbroti þessu, en alt bendir til að áletranin sé frá 17. öld.

Matthías Þórðarson.

Yfirlit

yfir muni, selda og gefna Forngripasafni Íslands árið 1906.

[Tölurnar fremst sýna tölumerki hlutanna á safninu; í svigum standa nöfn þeirra er gefið hafa safninu gripi].

- 5334 (Frá landshöfðingjadæmi Íslands). Innsigli Íslands, eftirgerð úr járnri af silfurinnsiglinu frá 1593.
- 5335—36 (Sama). Innsigli tvö, úr kopar, fyrir landshöfðingjann yfir Íslandi, annað með islenzkri, hitt með danskri áritun.
- 5337—38 (Sama). Stimplar tveir fyrir landshöfðingjann yfir Íslandi.
- 5339 (Sama). Innsigli úr kopar, skaftlaust, með árituninni »kongelig Commissarins ved Islands Althing«.
- 5340 (Sama). Innsigli úr kopar, skaftlaust, með árituninni »Islands stiftamt«.
- 5341 Danskur silfurpeningur frá tíð Kristjáns VII.
- 5342 Hnifur með beinskafti skornu.
- 5343 Brýnisstúfur.
- 5344 Gamalt reizlulóð, fundið í gömlum rústum á Þiðriksvöllum í Steingrímsfirði.
- | | | |
|---------|----------------------------|--|
| 5345—46 | Samfella og skauttreyja | } Vestan úr Arnarfirði; um 100 ára gamalt. |
| 5347 | Silfurbelti | |
| 5348 | Deshús úr silfri | |
| 5349 | Sextánskildingur frá 1717. | |
- 5350 15 soldi frá 1802.
- 5351 Svipuhólkur úr silfri með nafni *Chaspar*.
- 5352 Skúfhólkur lítill.
- 5353 (Hr. Sigurður Sigurðsson). Mynd af Daða Nielssyni 1850 (eftir Sigurð Guðmundsson).
- 5354—55 Skúfhólkar 2 úr silfri, annar gyltur.
- 5356 Lár útskorinn.
- 5357 Signet jarðfundið.
- 5358 Skírnarfát úr kopar.

- 5359 Rýtingur og hnífur við; fundnir á Vikingslæk við Þingskála í jörðu.
- 5360 Hnappur.
- 5361—63 Þrjár millur.
- 5364 (Hr. Jón Sighvatsson). Hólkur rendur úr beini.
- 5265—67 Þrjár spýtur, skornar, úr Hrafnagils-skálanum.
- 5368 Reiði.
- 5369—71 Þrjár hringjur.
- 5372 Sylgja.
- 5373 Nálhús úr beini.
- 5374 Trafakefli, haglega skorið.
- 5375 Asklok(?) úr steini, jarðfundið á Sámsstöðum í Fljótshlíð.
- 5376 Söðulfótafjöl með koparhöldum.
- 5377 (Hr. Ebenezer Guðmundsson). Hringja úr kopar með verki.
- 5378 Útskorinn stokkur með dragloki.
- 5379 Kökumót skorið,
- 5380 Rúm fjöl útskorin, með ártalinu 1773.
- 5381 Mittisband spjaldofið.
- 5383 Pipukongur, mannshöfuð skorið úr tré.
- 5384 Silfurskeið gylt.
- 5385 Manchettuhnappar Bjarna amtmanns Thórarenssen, úr gulli.
- 5386 Nálhús úr tré frá 1887.
- 5387 (Hr. Guðjón Jónsson, Tungu í Fljótshlíð). Járnsperi(?), jarðfundinn á Einhyrningsfiötum.
- 5388—89 Tvær silfurskeiðar.
- 5390 Rauðkritarmynd af J. G. Hövisch, eftir Sæm. M. Hólm.
- 5391--92 (Hr. Brynjólfur Jónsson, fornfræðingur). Járnstað og koparhnappur, jarðfundið í Fljótssdal.
- 5393—95 (Sami). Járnbútar, steinar og brýnistubbar, jarðfundið á Þuridarstöðum á Þórsmörk.
- 5395 Skóstýll úr kopar, fundinn á Gnúpverja-afrétti.
- 5397 Litill kassi með bókarlagi, skorinn.
- 5398 Signet Bjarna amtmanns Thórarenssen, úr gulli, grafið af honum sjálfum og honum gefið af Friðreki konungi VII.

Ennfremur hafa Forngripasafninn verið gefin tvö allstór og merkileg **myntasöfn** í ágústmánuði 1906. Gjörðu það bræður tveir danskir, dr. *M. Lund*, læknir í Kaupmannahöfn, og herra óðalsbóndi *C. F. Lund*, Aldersro við Værsløv. Hinn fyrnefndi gaf safn af forngrískum og fornromverskum myntum, samtals 964 mynt-

ir. Eru myntir þessar sumar úr bronzi, en sumar úr silfri og eru nokkrar þeirra merkileg listaverk, enda safnið alt mjög mikils virði. Hinn siðarnefndi gaf safn af fornum og nýjum myntum frá flestum löndum Norðurlálfunnar, Asíu, Afríku og Ameríku, samtals 1617 myntir. Flestar myntirnar í þessu safni eru úr silfri, nokkrar úr gulli og margar úr bronzi. Er safn þetta afar mikilsverð og höfðingleg gjöf, og hitt safnið ekki síður.

Lög um verndun fornmenja,

dags. 16. nóv. 1907.

1. kafli.

Skifting fornmenja og skýringar orða.

1. gr.

Fornmenjar eru annaðhvort staðbundnar eða lausar eða hvorttveggja.

Staðbundnar fornmenjar eru í lögum þessum nefndar *fornleifar*, en lausar fornmenjar *forngrípir*.

Þær fornmenjar, sem eru hvorttveggja, staðbundnar og lausar, teljast til fornleifa og nefnast *lausar fornleifar*.

2. gr.

Til fornleifa teljast:

- a. Þingbúðarústir, gömul mannvirki á fornum þingstöðum, sögustöðum og öðrum merkisstöðum, sem nokkurs er um vert fyrir menningarsögu landsins, rústir af hofum, hörgum og hverskonar blótstöðum frá heiðni, af kirkjum og kirkjugörðum, kapellum og bænahúsum, forn vígi eða rústir af þeim, forn garðlög, rústir af fornum bæjum, seljum, búpeningshúsum, farmannabúðum, naustum og öðrum fornbyggingum, enn fremur fornir öskuhaugar.
- b. Fornar grafir, haugar, dysjar og leiði í jörðu eða á, er menn hafa verið grafnir, heygðir eða dysjaðir í.
- c. Hellar með áletrunum eða öðrum verksummerkjum af manna höndum.
- d. Áletranir og myndir gjörðar af manna höndum á jarðfasta steina eða berg eða annað jarðfast efni.
- e. Fornar kirkjur, bæjarhús og önnur hús, sem ekki frammar eru notuð til þess, sem upphaflega var til ætlast.
- f. Alt annað, er telja má til fornra mannvirkja.

3. gr.

Til lausra fornleifa teljast:

- a. Þeir munir allir, er finnast í og tilheyra fornum haugum, dysjum eða leiðum, þar á meðal leifar af líkómum manna og dýra.
- b. Þeir munir allir, er finnast í og tilheyra fornum hofrústum, eða hafa verið notaðir í hofum, svo sem blótbollar og því um líkt.
- c. Öll minningamörk dáiinna manna, bautasteinar, legsteinar, krossar, minnisvarðar og annað þess háttar, sem ekki er jarðfast, og eins þó að eitthvað af þessu hafi verið jarðfest með steinlími eða öðru af mannavöldum.

4. gr.

Til forngrípa teljast:

- a. Lausir steinar, sem mannaverk eru á og ekki komast undir 3. grein, svo sem steinar með fangamörkum eða öðrum áletrunum eða myndum.
- b. Allskonar fornir kirkjugripir.
- c. Forn handrit, skjöl og bréf úr skinni eða pappír.
- d. Allskonar gamlar myndir og gripir með myndum eða letri á.
- e. Fornir peningar, úr hverjum málmum sem er.
- f. Gamlir dúkar, ofnir eða saumaðir, ábreiður, bönd og allskonar forn vefnaður og hannyrðir, fornir vefstólar eða partar af þeim og öll forn áhöld, er til hannyrða hafa verið höfð eða vefnaðar.
- g. Allskonar fornir skrautgripir og listasmíði, úr hverju efni sem er.
- h. Gamlir búningar og búningsskraut karla og kvenna, þar á meðal hringir, beltí og því um líkt, enn fremur allskonar gömul vopn, hlífar, verjur, hnifar o. s. frv.
- i. Allskonar gamall húsbúnaður og búsaðhöld, þar á meðal borðbúnaður og reiðskapur, fornar matarleifar, forn skip, skipspartar og skipabúnaður, ef það kemst ekki undir 3. grein, forn smíðatól, veiðarfæri og önnur forn verkfæri og því um líkt.
- j. Gömul taflborð og taflmenn og önnur tafláhöld.
- k. Fjalir og stokkar úr fornum húsum og hirslum.
- l. Allir gamlir munir, sem menn hafa notað eða mannaverk eru á.

2. kafli.

Um fornleifar.

5. gr.

Fornmenjavörður skal semja skrá yfir allar fornleifar, taldar í

2. grein, sem nú eru kunnar og honum þykir ástæða til að friða,

og skal tiltaka staðinn svo nákvæmlega, sem unt er. Nú kemst fornmenjavörður að raun um, að fornleifar, sem hann telur nauðsyn á að friða, séu til á einhverjum stað, og skal hann þegar taka þær á fornleifaskrá.

6. gr.

Allar þær fornleifar, sem á fornleifaskrá standa, skulu friðaðar, og sér stjórnarráðið um, að friðhelginni sé þinglýst á því þingi, er hver einstök fornleif liggur til. Friðhelgi telst frá þinglýsingardegi.

Ef landeigandi eða ábúandi verður fyrir nokkru tjóni við það að friðhelgi er á lögð, skal greiða skaðabætur úr landssjóði. Nú ris ágreiningur milli þess, er hlut á að máli, og stjórnarráðsins um það, hvort nokkrar skaðabætur skuli greiða eða um upphæð skaðabóta, og skulu óvilhallir, dómkvaddir menn skera úr því máli. Skaðabótakröfur skulu komnar til stjórnarráðsins, áður en 4 mánuðir eru liðnir frá þinglýsingardegi, ella falla þær niður.

7. gr.

Allar lausar fornleifar, sem taldar eru í 3. grein og eru eldri en 150 ára, eru friðaðar án þinglýsingar, og eru eign landsins. Fornleifar þessar skal setja á sérstaka skrá, svo fljótt, sem því verður við komið.

8. gr.

Friðuðum fornleifum má enginn, hvorki landeigandi né leiguliði né nokkur annar, spilla, granda né breyta, laga né aflaga né úr stað flytja, nema leyft sé í lögum þesum, og skal þá fara eftir þeim reglum, sem löginn setja.

9. gr.

Skyldur er ábúandi eða leiguliði að gjöra lögreglustjóra við vart, ef friðuð fornleif liggur undir skemdum af völdum náttúrunnar eða er skemd af manna völdum. Gjörir þá lögreglustjóri þær bráðabirgðar-ráðstafanir, sem þarf, til að varna skemdum, og skýrir þegar stjórnarráðinu frá málavæxtum, en stjórnarráðið ákveður með ráði fornmenjavarðar, hvað gjöra skuli. Aðgjörðin greiðist úr landsjóði, nema skemdin sé af manna völdum; þá greiðir sá, er skemdi.

Vilji landeigandi eða leiguliði gjöra jarðrask það nokkuð, er haggar við friðuðum fornleifum, eða gjöra nokkuð það, er þeim geti spilt, skal hann skýra lögreglustjóra frá því og um leið lýsa fornleifunum og gjöra skýra grein fyrir þeim breytingum, er hann vill

gjöra. Þá skýrslu ber þegar að senda til stjórnarráðsins, er ákveður með ráði fornmenjavarðar hvað gjöra megi og með hvaða skilmálum.

Ef landeigandi eða leiguliði við gröft eða á annan hátt finnur fornleifar, er teljast verða til menja þeirra, er nefndar eru í 2. eða 3. gr., skal hann jafnskjótt skýra frá því, eins og nú var sagt, og líti út fyrir, að um mikilsverðar fornleifar sé að ræða, skal hætta vinnu að svo miklu leyti, sem hún kann að haggja við fornleifunum, þangað til úrskurður stjórnarráðsins er fenginn. Bætur fyrir tjón það, er af því kann að leiða, að vinnu er hætt, greiðast úr lands-sjóði, og skera óvilhallir dómkvaddir menn úr, ef ágreiningur verður um skaðabæturnar.

Grasi vaxnar fornmenjar, sem nú eru slegnar eða beittar, má framvegis nota á þann hátt, ef engin hætta er á, að þær spillist við það.

10. gr.

Ef ómögulegt er að komast hjá því, að eyða eða spilla fornleifum við vegagjörð eða önnur mannvirki í þarfir landsins, sýslu eða sveitar, nema þá með mjög mikilli fyrirhöfn og kostnaði, skal verkstjóri eða það stjórnarvald, sem hlut á að máli, skýra stjórnarráðinu frá málavöxtum, áður en nokkuð er haggjað við fornleifunum, og ákveður þá stjórnarráðið, hvað gjöra skuli.

11. gr.

Stjórnarráðið hefir ætíð rétt til að gjöra eða láta gjöra alt það, er því þykir þörf á vera, til þess að rannsaka fornleifar með greftri eða á annan hátt, eða til verndar fornmenjum, viðhalds eða endurbóta, en þó skal eiganda eða umráðanda jafnan gjört viðvart um það áður. Eftir gröft og aðrar rannsóknir, er jarðraski valda, skal sá, er rannsókn stýrði, koma öllu í samt lag aftur, nema hönnum þyki betur fara á annan veg.

Valdi slíkar rannsóknir eða aðgjörðir eigendunum eða umráðendum fornleifanna nokkru tjóni eða tilkostnaði, skal sá skaði bættur úr landssjóði. ef krafist er. Náist samkomulag ekki um skaðabætur, skulu þær metnar af óvilhöllum dómkvöddum mönnum.

3. kaflí.

Um forngrípi.

12. gr.

Hver sá, er finnur forngríp í jörðu eða á, er skyldur til að skýra lögreglustjóra þegar í stað nákvæmlega frá fundinum. Jafnframt skal hann afhenda lögreglustjóra það, sem fundist hefir, nema hætt sé við, að það skemmist í flutningnum, þá skal hann varðveita það á þann hátt, sem hann best getur, uns lögreglustjóri ráðstafar því. Ef líkur eru til, að fleiri forngrípir þeir, er mikilsverðir eru, muni dyljast á fundarstaðnum, skal finnandi við engu haggá, en skýra þegar lögreglustjóra frá. Fundarstað skal finnandi jafnan greina skilmerkilega.

Ef forngrípur finst við mannvirki þau eða störf, sem framkvæmd eru samkvæmt 10. grein, skal finnandi afhenda hann verkstjóra eða því stjórnarvaldi, sem hlut á að máli, og skal viðtakandi gefa lögreglustjóra nákvæma skýrslu um fundinn og fari með, sem að traman er greint. Nú finst forngrípur við rannsókn þá eða aðgjörð, sem getur í 11. grein, og skal þá sá, er rannsókninni eða aðgjörðinni stýrir, annast um hlutinn og sjá um, að hann komist til Forngrípasafns Íslands og að ágrip af skýrslu um fundinn sé birt, sem síðar segir (sbr. 14. grein).

Skylt er lögreglustjóra að gefa skriflega viðurkenningu fyrir móttöku forngríps, ef þess er óskað.

13. gr.

Jafnskjótt sem lögreglustjóri hefir fengið skýrslu um fund forngríps, skal hann skýra þeim manni eða mönnum frá, sem land eiga undlr, þar sem forngrípur fanst, og jafnframt senda stjórnarráðinu skýrsluna með þeim viðaukum frá sjálfum sér, sem honum virðast nauðsynlegir. Enn fremur sendir hann þá forngrípi, sem honum hafa verið afhentir, til stjórnarráðsins, nema hætt sé við, að þeir skemmist í flutningi, þá skal lögreglustjóri geyma gripina, uns stjórnarráðið ráðstafar þeim.

Ef lögreglustjóra virðast líkur til, að fleiri forngrípir muni dyljast þar, sem forngrípur fanst, skal hann geta þess í skýrslu sinni til stjórnarráðsins og sjá um, að engu verði rótað á fundarstaðnum, þangað til rannsókn getur fram farið.

14. gr.

Ágrip af þeim skýrslum um fundna forngrípi, sem stjórnarráðið fær frá lögreglustjóra eða þeim manni, er rannsókn eða aðgjörð

stýrir samkvæmt 11. grein (sbr. 13. og 12. grein), svo framarlega sem líkur eru til, að nokkur geti sannað eignarétt sinn að forngripunum, skal birta þrisvar í því blaði, er flytur stjórnarvaldaauglýsingar, með áskorun til eiganda, ef nokkur sé, að gefa sig fram.

Alla þá forngripi, sem nefndir eru í fundarskýrslu, skal fornmenjavörður taka á sérstaka skrá, og skulu þeir geymdir á sérstöku stað í Forngripasafni Íslands, uns útséð er um, hvort eigandi finst (sbr. 15. og 16. grein).

15. gr.

Nú gefur eigandi sig fram, áður en 4 mánuðir eru liðnir frá síðustu lögbirtingu fundins forngrips, og sannar eignarrétt sinn, og skal þá afhenda eiganda hann gegn því, að hann greiði lögbirtingarkostnað, en jafnframt skal fornmenjavörður setja hlutinn á forngripaskrá þá, er getur í 19. grein, ef honum þykir hann þess verður, og leggst þá á hann sú kvöð, er þeirri skrásetning er samfara.

16. gr.

Nú liða svo 4 mánuðir, frá síðustu lögbirtingu fundins forngrips, að enginn eigandi leiðir sig að honum, og verður hann þá eign landssjóðs að þriðjungi, finnanda að þriðjungi, og að þriðjungi eign þess, sem land á undir, þar sem hluturinn fannst.

Ef gripurinn hefir fundist við framkvæmd á vegagjörðum eða öðrum mannvirkjum, samkvæmt 10 gr., eða í almenningum, afréttarlöndum, eða á heiðum uppi, sem ekki teljast til heimalanda, telst landsjóður sem landeigandi, og sömuleiðis ef hann hefir fundist á kirkjgjörðum, eða ef hreppsfélag, sýslufélag eða bæjarfélag á land undir; eignast landssjóður þá forngripinn að tveim þriðjungum, en finnandi að þriðjungi.

Ef forngripur hefir fundist við rannsókn þá eða aðgjörð, er ræðir um í 11. grein, telst landssjóður sem finnandi og eigandi gripsins að tveim þriðjungum, en landeigandi að þriðjungi, nema um þá hluti sé að ræða, sem eru óskift eign landsins samkvæmt 7. gr.

Ef fleiri eru flinnendur en einn, skiftist eignarrétturinn að finnanda þriðjungi jafnt milli þeirra. Ef landeigendur eru fleiri en einn skiftist eignarrétturinn að landeiganda þriðjungi milli þeirra í rétttri tiltölu við eign hvers eins í landinu.

17. gr.

Ef finnandi leynir fundi forngrips og skýrir ekki lögreglustjóra frá honum (sbr. 12. gr.), eða spillir honum eða lógar af ásettu ráði,

telst sem ólögleg meðferð á fundnu fé eða skemd á eignum annara og fer eftir ákvæðum almennra hegningarlaga 249., 296. og 298. grein, enda missir þá finnandi tilkall til síns þriðjungs.

18. gr.

Landssjóður á kauprétt að þeirri hlutdeild í fundnum forngríp, sem hann á ekki, eftir mati fornmenjavarðar. Því mati getur meðeigandi skotið til stjórnarráðsins, og nefnir það þá til 3 óvilhalla lögmetendur, er vit hafa á forngrípum, og skal standa við mat þeirra. Sé það hærra en mat fornmenjavarðar, greiðir landssjóður kostnað við yfirmatið, en ella áfrýjandi.

Ef forngrípurinn er úr gulli eða silfri, eða sé um silfurpeningá eða gullpeninga að ræða, skal meta málmverð hlutarins og leggja ofan á 10 af hverju hundraði, og fær meðeigandi landssjóðs, eða meðeigendur, að rétttri tillölu, ef fleiri eru, það andvirði óskert, eins og landssjóður ætti ekkert í.

Ef kaupréttar landssjóðs er eigi neytt, áður ár sé liðið frá því, er lögreglustjóra var skýrt frá fundinum og sé fornmenjaverði eða stjórnarráði um dráttinn að kenna, missir landssjóður eignarréttar til síns hluta í forngrípnum, og skal þá afhenda hann meðeiganda, eða meðeigendum, landssjóðs gegn borgun lögbirtingarkostnaðar, en jafnframt skal fornmenjavörður setja hlutinn á forngrípaskrá þá, er getur í 19. grein, ef hann telur hann þess verðan, og fellur þá á hann sú kvöð, sem þeirri skrásetningu er samfara.

Ef fornmenjavörður telur fundinn forngríp einskisverðan fyrir menningarsögu landsins, eignast finnandi og landeigandi hann að helmingi hvor, og skal þá afhenda þeim hann gegn kvittun þeirra, jafnskjótt sem lögbirtingarfrestur er liðinn, ef þeir vitja hans. En vitji þeir hans ekki, áður fjórir mánuðir eru liðnir frá því, er þeim var skrifað um, að landið mundi eigi nota kauprétt sinn, má lóga hlutnum.

19. gr.

Fornmenjavörður skal setja þá forngrípi, sem einstakir menn eiga, á sérstaka forngrípaskrá, ef eigendur beiðast þess eða leyfa. Skal beiðnin eða leyfið vera skriflegt og undirskrifað af eiganda í viðurvist vitundarvotta eða lögbókanda (notarii publici) og geymist í skjalasafni Forngrípasafnsins. Á þessa skrá skal fornmenjavörður og setja alla forna kirkjugrípi, svo fljótt sem því verður við komið, og þarf ekki neitt leyfi til þess, enn fremur þá gripi, sem á þessa skrá skal setja samkvæmt 15. og 18. grein.

Þá muni, sem á þessa skrá eru settir, skal auðkenna með sérstöku skrásetningarmerki, ef því verður við komið, án þess að gripurinn skemmist við.

20. gr.

Þeir forngrípir, sem á skrá standa, eru friðaðir á sama hátt og friðaðar fornleifar (sjá 8. grein), Þó er eiganda heimilt, að flytja þá úr stað, en ekki af landi burt.

Ef eigandi gefur öðrum skrásettan forngríp, skal hann láta fornmenjavörð vita um eigandaskiftin.

Forngripasafnið á forkaupsrétt að skrásettum forngríp, og skal eigandi því ávalt bjóða fornmenjaverði hlutinn, áður en hann selji öðrum hann, ella er sala ógild og fellur þá hluturinn ókeypis til Forngripasafnsins. Nú notar Forngripasafnið eigi forkaupsrétt sinn, þá má eigandi selja hlutinn, en þó skal hann láta fornmenjavörð vita, hverjum hann selur.

Ef skrásettur forngrípur gengur að erfðum, skal skiftaráðandi eða, ef erfingjaskifti eru, þá erfingi sá, er eignast gripinn, láta fornmenjavörð vita um eigandaskiftin.

Í hvert skifti, sem eigandaskifti verða að skrásettum forngríp, skal ávalt láta fornmenjavörð vita um eigandaskiftin, ella er eignarheimildin ógild, og fellur þá hluturinn endurgjaldslaust til Forngripasafnsins.

Fornmenjavörður skal ávalt geta þess í forngrípaskrá, ef eigandaskifti verða að skrásettum forngríp.

4. kafli.

Um útflutning fornmenja og geymslu.

21. gr.

Engar fornmenjar, eldri en 150 ára, má flytja úr landi, nema með leyfi stjórnarráðsins. Sé vafi á um aldur slíkra hluta, sker fornmenjavörður úr.

22. gr.

Allir forngrípir, sem landssjóður eignast eftir lögum þessum eða á annan hátt, skulu geymdir í Forngripasafni Íslands. Þó skal Landsbókasafnið eða Landsskjalasafnið taka við fornum handritum, skjölum og bréfum.

5. kafli.

Almenn ákvæði.

23. gr.

Ef fundi forngríps er leynt, varðar eftir 17. gr. Önnur brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum frá 20 til 500 kr.; auk þess má taka munina eða andvirði þeirra af hinum seka. Með mál út af brotunum skal farið sem almenn lögglumál.

24. gr.

Stjórnarráðið skipar sérstakan fornmenjavörð, og hefir hann jafnframt umsjón með Forngripasafninu. Fornmenjavörður skal hafa 1800 kr. í árslaun. Fela má stjórnarráðið fornmenjaverði að hafa á hendi og framkvæma að öllu eða nokkru leyti þau réttindi eða störf, sem því eru lögð í lögum þessum, þó þannig, að jafnan geti sá, sem óánægður er með ákvæði fornmenjavarðar, skotið málinu til stjórnarráðsins.

25. gr.

Opið bréf 7. ágúst 1752, svo og öll önnur ákvæði, sem koma í bága við lög þessi eru úr gildi numin.

Skýrsla.

I. Aðalfundur félagsins 1907.

Aðalfundur félagsins var haldinn föstudaginn 22. nóvember. Formaður mintist látins félagsmanns, Jóns konsúls Vidalíns, og gat þess að hið merkilega safn hans af íslenskum forngrípum væri nú alt komið til Forngripasafnsins. Því næst lagði hann fram endurskoðaðan ársreikning félagsins fyrir 1906, og hafði ekkert verið við hann að athuga. Hann gat þess að þar sem sjóður félagsins hefði minkað um rúmar 300 kr. á árinu, þá stafaði það frá óvenjulegum útgjöldum við registur yfir árbók félagsins.

Því næst skýrði formaður frá ferðum Brynjólfs Jónssonar í þjónustu félagsins næstliðið sumar um Mýrar og Borgarfjörð.

Þessu næst mintist formaður á lög þau, er samþykkt voru á síðasta alþingi um verndun fornmenja, er hafa svo mikla þýðingu fyrir málefni það, er frá upphafi hefir verið aðalmarkmið Fornleifafélagsins að styðja, og mundu lög þessi að nokkru leyti hafa í för með sér breytingu á starfsviði félagsins.

Eftir nokkrar umræður var svo gengið til kosninga á embættismönnum félagsins.

II. Stjórn félagsins.

Formaður: Eiríkur Briem, prestaskólakennari.

Varaformaður: B. M. Ólsen, dr., prófessor.

Fulltrúar: B. M. Ólsen, dr., prófessor.

Hannes Þorsteinsson, ritstjóri.

Jón Þorkelsson, dr., landskjalavörður.

Pálmi Pálsson, kennari.

Stgr. Thorsteinsson, rektor.

Þórh. Bjarnarson, prófessor.

Skrifari: Pálmi Pálsson, kennari.

Varaskrifari: Jón Þorkelsson, dr., landsskjalavörður.

Féhirðir: Þórh. Bjarnarson, prófessor.

Varaféhirðir: Sigurður Kristjánsson, bóksali.

Endurskoðunarmenn: Jón Jensson, yfirdómari.

Jón Jakobsson, landsbókavörður.

III. Reikningur hins íslenska Fornleifafélags 1906.

Tekjur:

1. Í sjóði frá fyrra ári	kr.	1306 17
2. Tillög félagsmanna	—	169 00
3. Styrkur frá Forngripasafninu til að spyrja uppi forngripi	—	100 00
4. Styrkur úr landssjóði	—	400 00
5. Vextir á árinu:		
a. af bankavaxtabréfum	kr.	36 00
b. af innstæðu í sparisjóði	—	1 94
		<u>37 94</u>
	Samt. kr.	2013 11

Gjöld:

1. Kostnaður við Árbók 1906 og við Registar Árbóka 1880—1905	kr.	928 95
2. Greitt Brynjólfi Jónssyni fyrir fornleifarannsóknir	—	100 00
3. Ýmisleg útgjöld	—	7 99
4. Í sjóði við árslok 1906:		
a. bankavaxtabréf	kr.	800 00
b. í sparisjóði Landsbankans	—	40 64
c. hjá féhirði	—	135 53
		<u>976 17</u>
	Samtals kr.	2013 11

Reykjavík, 14. nóvember 1907.

Þórh. Bjarnarson.

p. t. féhirðir.

III. Félagar.

A. Æfilangt.

- Asgeir Blöndal, læknir, Eyrarbakka.
 Anderson, R. B., prófessor, Ameríku.
 Andrés Félðsteð, bóndi á Trönum.
 Bjarni Jensson, læknir í Síðuhéraði.
 Björn Guðmundsson, kaupm. Rvk.
 Björn M. Ólsen, dr., prófessor Rvk.
 Bogi Melsteð, cand. mag., Khöfn.
 **Bruun, Daniel*,¹⁾ kapteinn í hernum, Khöfn.
 **Brynjúlfur Jónsson*, fræðimaður, Minnanúpi.
 Carpenter, W. H. próf. Columbia-háskóla, Ameríku.
 Collingwood, W. G., málari, Coniston, Lancashire, England.
 Dahlerup, Verner, bókavörður, Khöfn.
 David Scheving Thorsteinsson, héraðs-læknir, Ísafirði.
 Eggert Laxdal, verzlunarstj. Akureyri.
 Eiríkur Magnússon, M. A. bókav., Cambridge.
 **Elmer Reynolds*, dr., Washington.
 Feddersen, A., Stampe, frú, Rindumgaard pr. Ringköbing.
 Friðbjörn Steinsson, bóksali, Akureyri.
 Gebhardt, August, dr. fil., Nürnberg.
 Goudie, Gilbert, F. S. A. Scot., Edinb.
 Hjørleifur Einarsson, próf., Rvík.
 Horsford, Cornelia, miss, Cambridge, Massachusetts, U. S. A.
 Indriði Einarsson, revisor, Rvk.
 Jóhannes Böðvarsson, trésm., Akranesi.
 Jóhannes Sigfússon, adjunkt, Rvk.
 Jón Borgfirðingur, fræðimaður, Rvk.
 Jón Gunnarsson, verzl.stj., Hafnarfirði.
 Jón Jónsson, prófastur, Stafafelli, Lóni.
 Jónas Jónasson, prófastur, Hrafnagili.
 Kjartan Einarsson, prófastur, Holti.
 Kristján Zimsen, konsúll, Rvk.
- Lárus Benediktsson, f. prestur, Rvk.
 Löve, F. A., kaupmaður, Khöfn.
 Lehmann-Filhés, M., fräulein, Berlin.
 Magnús Andrésson, próf., Gilsbakka.
 Magnús Stephensen, f. landshöfðingi, Rvk.
 Matthías Jochumsson, f. prestur, Akureyri.
 Müller, Sophus, dr., museumsdirektör, Khöfn.
 **Nicolaisen, N*, antikvar, Kria.
 Ólafur Johnsen, f. yfirkennari, Óðinsvé.
 Phené, dr., Lundúnum.
 Schjödzt, cand. pharm., Óðinsvé.
 Sighvatur Arnason, f. alpm., Rvk.
 Sigurður Stefánsson, prestur, Vigur.
 Stefán Guðmundsson, verzlunarfulltrúi, Khöfn.
 **Storch, A.*, laboratoriums-forstjóri, Khöfn.
 Styffe, B. G., dr. fil., Stokkhólmi.
 Sæmundur Jónss., b., Minni Vatnsleysu.
 Torfhildur Þ. Hólm, frú, Rvk.
 Torfi Bjarnason, skólastjóri, Ólafsdal.
 Valtýr Guðmundsson, dr. phil, docent, Khöfn.
 Vilhj. Stefánsson, Peabody Museum, Harvard University, Cambr. Mass., U. S. A.
 Wendel. F. R., jústizráð, Khöfn.
 Wimmer, L. F. A., dr. fil., próf. Khöfn.
 Þorgrímur Johnsen, f. héraðsl., Rvk.
 Þorsteinn Erlingsson, cand. phil., Rvk.
 Þorvaldur Jakobsson, prestur í Sauðlauksdal.
 Þorvaldur Jónsson f. héraðslæknir, Ísafirði.
 Þorvaldur Jónsson, prófastur, Ísafirði.
 Þorvaldur Thoroddsen, dr. prófessor, Khöfn.

¹⁾ Stjarnan (*) merkir heiðursfélaga.

B. Með árstíllagi.

- Arni Jónsson, prófastur, Skútustöðum, 1907.¹⁾
 Amira, Karl v., próf., München, 07.
 Arpi, Rolf, dr. fil., Uppsölum, 05.
 B. B. Postur, Victoria, Brit. Canada, 08.
 Björn Jónsson, ritstj. Rvk, 06.
 Eiríkur Briem, prestaskólak., Rvk, 06.
 Finnur Jónsson, dr., prófessor, Khöfn, 05.
 Forngripasafnið í Rvík, 06.
 Geir Zoëga, kaupm., Rvk, 06.
 Gering, Hugo, prófessor, dr., Kiel, 05.
 Gräfe, Lukas, bóksali, Hamborg, 06.
 Greipur Sigurðsson, b., Haukadal 96.
 Guðmundur Hannesson, Galtarnesi, Víðidal, 98.
 Guðm. Helgason, próf., Rvík, 06.
 Guðni Guðmundsson, lækni, Borgundarhólmi, 85.
 Gustafson, G. A., filos, licentiat, konservator, Bergen, 93.
 Halldór Briem, kennari, Akureyri, 00.
 Halldór Daniélsson, bæjarfóg. Rvk, 06.
 Hallgrímur Sveinsson, biskup, Rvk, 06.
 Hannes Þorsteinsson, cand. theol., ritstjóri, Rvk, 06.
 Harrassowits, Otto, bóksali, Leipzig, 05.
 Hauberg, P., Museumsinspektör, Khöfn, 01.
 Heydenreich, W., dr., Gunzburg, 06.
 Hinrik K. Hugason Bürgel, Uppsöl. 02.
 Johnston, A. W., hon. treasurer, Viking, Club, Lundúnum, 07.
 Jón Jakobsson, landsbókav., Rvk, 06.
 Jón Jenson, yfirdómari, Rvk, 06.
 Jón Jónsson, héraðsl., Blönduósi, 99.
 Jón Jónsson, sagnfræðingur, Rvk, 06.
 Jón Þorkelsson, dr., landskjalavörður, Rvk, 06.
 Jósafat Jónasson, Winnipeg, 00.
 Kaalund, Kr., dr. phil., Khöfn, 06.
 Kristján Jónsson, yfirdómari, Rvk, 06.
 Lestrarfélag Fljótshlíðar, 05.
 Lestrarfélag Austurlandeyinga, 96.
 Magnús Helgason, prestur, kennari í Hafnarfirði, 06.
 Matth. Þórðarson, forngripav., Rvk, 04.
 Meissner, R., dr., próf., Göttingen, 07.
 Mollerup, V., dr. phil., Musemsdirektör, Khöfn.
 Mogk, E., dr., prófessor, Leipzig, 07.
 Montelius, O., dr. phil., Am., Stokk hólmi, 05.
 Ólafur Ólafsson, fríkirkjuprestur, Rvk, 81.
 Páll E. Ólafsson, stúdent, Rvk, 06.
 Pálmi Pálsson, adjunkt, Rvk, 06.
 Pétur Jónsson, blikkari, Rvk, 06.
 P. J. Thorsteinss., stórkaupm. Khöfn 05.
 Sigfús H. Bjarnarson, konsúll, Ísaf., 94.
 Sigurður Gunnarss., próf., Stykkish. 81.
 Sigurður Kristjánsson, bóks., Rvk, 06.
 Sigurður Ólafss., sýslum., Kallaðarn. 05.
 Sigurður Þórðars., sýslum., Arnarh., 03.
 Staatsbibliothek í München, 05,
 Stefán Egilsson, múrari, Rvk, 84.
 Steingrímur Thorsteinsson, rektor, Rvk, 06.
 Steinordt, J. H. V., theol. & phil., dr. Linköping, 93.
 Tamm, F. A., dr., docent, Uppsölum, 03.
 Tryggvi Gunnarss., bankastj., Rvk., 06.
 Valdimar Briem, próf., Stóranúpi, 05.
 Þóra Jónsdóttir, frú, Rvk, 06.
 Þórður J. Thoroddsen, bankagjk., Rvk, 80.
 Þórhallur Bjarnarson, lector, Rvk, 06.
 Þorleifur J. Bjarnason, adj. Rvk, 06.
 Þorleifur Jónss., prestur, Skinnast., 07.
 Þorsteinn Benediktss., pr., Bergþórsh., 98.
 Þorsteinn Jónsson, f. héraðslækni, Rvk, 06.

¹⁾ Ártalið merkir, að félagsmaður hefir borgað tillag sitt til félagsins fyrir það ár og öll undanfarin ár, síðan hann gekk í félagið.

Efnisyfirlit.

	Bls.
Rannsókn í Vestmanneyjum sumarið 1906. Eftir <i>Brynjúlf Jónsson</i>	1—15
Rannsókn í Þórsmörk sumarið 1906. Eftir <i>Brynjúlf Jónsson</i>	16—21
Fornleifafundur á Gýgjarhóli. Eftir <i>Brynjúlf Jónsson</i> . . .	22—25
Fornleifar í Landsveit. Eftir <i>Brynjúlf Jónsson</i>	26—28
Athugasemdir við Árbók Fornleifafélagsins 1905. Eftir <i>Brynjúlf Jónsson</i>	29—38
Fornleifafundur. Eftir <i>Brynjúlf Jónsson</i>	39—43
Gamall legsteinn á Bessastöðum á Álftanesi. Eftir <i>Mattias Þórðarson</i>	44—46
Yfirlit yfir muni selda og gefna Forngripasafni Íslands árið 1906. Eftir <i>Jón Jakobsson</i>	47—49
Lög 16. nóv. 1907 um verndun fornmenja	50—57
Skýrsla (Aðalfundur 1907. Reikningur 1906. Félagatal) . . .	58—62

Leiðr. Bls. 47¹¹: Commissavins les Commissarius. Bls. 47₆ 1850 les 1854. Bls. 48 vantar inn í eftir 5381 t.l.: 5382. Manntafl úr beini. Bls. 48₁₁: brýnisstubbbar l. brýniskubbbar. Bls. 49 neðst 4 l. 7 (þ. e. 7. örkk).
